



# Haf i Ó

VIÐAUKAR



<b>7. HAFIÐ - VIÐAUKR</b>	2	Samningur um framkvæmd ákvæða Hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982 um verndun deilistofna og viðförulla fiskistofna og stjórn veiða úr þeim ..... 14
<b>Viðauki A. Innlent lagaumhverfi er varðar mengun sjávar</b>	2	Lög um varnir gegn mengun sjávar ..... 2
		Lög um bann við losun hættulegra efna í sjó ..... 2
		Lög um náttúruvernd ..... 2
		Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir ..... 3
		Lög um geislavarnir ..... 3
<b>Viðauki B. Alþjóðasamningar um varnir gegn mengun sjávar og veðurfarsbreytingar</b>	3	Samningur um verndun NA-Atlantshafsins (OSPAR) ..... 3
		Stokkhólms samningurinn um lífræn þrávirk efní ..... 4
		Alþjóðasamningur um varnir gegn mengun frá skipum, 1973, með breytingum samkvæmt bókun frá 1978 (MARPOL 73/76) ..... 4
		Alþjóðasamningur um varnir gegn mengun hafssins vegna losunar úrgangsefna og annarra efná í það (Lundúnarsamningurinn) ..... 5
		Alþjóðasamningur um viðbúnað og viðbrögð gegn olíumengun og samstarf þar um Norrænn samningur um samvinnu í baráttu gegn mengun sjávar af völdum olíu og annarra skaðlegra efná (Kaupmannahafnarsamningurinn) ..... 6
		Alþjóðasamningur um íhlutun á úthafinu þegar óhöpp koma fyrir sem valda, eða geta valdið, olíumengun ..... 6
		Framkvæmdaáætlunin um vernd hafssins gegn mengun frá landi, Washington-áætlunin, GAP ..... 7
		Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar ..... 7
		Kýótó-bókunin ..... 8
<b>Viðauki C. Innlent og alþjóðlegt lagaumhverfi lífríkis sjávar</b>	8	Lög um náttúruvernd nr. 44/1999 ..... 8
		Lög um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu ..... 8
		Lög um erfðabreyttar lífverur ..... 9
		Samningur um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu (CITES) ..... 9
		Samningurinn um líffræðilega fjölbreytni ..... 9
		Samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf (Ramsarsamningurinn um votlendi) ..... 10
		Samningur um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bernarsamningurinn um villtar plöntur og dýr) ..... 10
		World Heritage Convention ..... 11
<b>Viðauki D. Stjórn fiskveiða við Ísland</b>	11	Lög um stjórn fiskveiða ..... 11
		Lög um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins ..... 12
		Lög um umgengni um nytjastofna sjávar ..... 12
		Lög um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands ..... 12
		Lög um fiskveiðar utan lögsgögu Íslands ..... 12
<b>Viðauki E. Alþjóðlegir samningar og svæðabundið samstarf á sviði fiskveiðistjórnunar</b>	13	Hafréttarsamningur Sameinuðu þjóðanna ..... 13
		Samningur um framkvæmd XI. hluta ..... 13
		Hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982 ..... 13
<b>Viðauki F. Hafsbótum og landhelgi</b>	17	Lög um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins ..... 17
		Lög um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn ..... 17
		Lög um leit, rannsóknir og viinnslu koveltnis ..... 17
<b>Viðauki G. Alþjóðlegar stofnanir</b>	18	Sameinuðu þjóðirnar ..... 18
		Hafréttarsamningur Sameinuðu þjóðanna (UNCLOS) ..... 18
		Alþjóðlegi hafréttardómurinn ..... 18
		Landgrunnsnefnd Sameinuðu þjóðanna (CLCS) ..... 18
		Alþjóðahafsbotsstofnunin (ISA) ..... 19
		Óformlegi vettvangurinn um málefni hafssins hjá Sameinuðu þjóðunum ..... 19
		Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) ..... 19
		Alþjóðasiglingamálastofnunin (IMO) ..... 19
		Alþjóðasjómælingastofnunin (IHO) ..... 20
		Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNEP) ..... 20
		Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO/IOC) ..... 20
		Norðurskautsráðið (AC) ..... 21
		Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunin (OECD) ..... 21
		Alþjóðavíðskiptastofnunin (WTO) ..... 21
		Alþjóðabankinn ..... 22
		Þróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNDP) ..... 22
		Alþjóðahafrannsóknastofnunin (ICES) ..... 22
		Norðaustur- Atlantshafssjávars pendýraráðið (NAMMCO) ..... 22
		Alþjóðahvalveiðiráðið (IWC) ..... 22
		Atlantshafstún fiskráðið (ICCAT) ..... 23
		Alþjóðaáætlun um verndun og stjórnun veiða hákarla ..... 23
		Alþjóðaáætlun um stjórnun veiðigetu ..... 23
		Alþjóðaáætlun um að koma í veg fyrir, hrinda og útrýma ólöglegum, óskráðum og stjórnlausum fiskveiðum ..... 23
		Alþjóðaáætlun um að draga úr tilfallandi veiðum á sjófuglum við línuveiðar ..... 23
<b>Viðauki H. Sjálfbær þróun.</b>	24	Ríó-yfirlýsingin um umhverfi og þróun, Dagskrá 21, 17. kafli ..... 24
		Leiðtogafundur um sjálfbæra þróun, Jóhannesarborg ..... 24

## 7. Hafið - Viðaukar

Samráðsnefnd umhverfis-, sjávarútvegs-, og utanríkisráðuneytisins var falið að vinna að gerð samræmdirar stefnu Íslands í málefnum hafsins. Afrakstur þeirrar vinnu er „**HAFIÐ, stefna íslenskra stjórnvalda**“ sem gefin er út á íslensku og ensku. Samráðsnefndin var skipuð Kolbeini Árnasyni (formaður) og Snorra Rúnari Pálmasyni frá sjávarútvegssráðuneytinu, Halldóri Þorgeirssyni og Sigurði Á. Þráinssyni frá umhverfisráðuneytinu og Axel Nikulássyni og Jóni Erlungi Jónasyni frá utanríkisráðuneytinu. Einnig kom Stefán Ásmundsson, sjávarútvegsráðuneytinu, að vinnu nefndarinnar. Starfsmaður nefndarinnar var Steinar Ingi Matthíasson.

Samhliða vinnu nefndarinnar var tekið saman í viðaukum ágrip um löggjöf, alþjóðasamninga og alþjóðastofnanir er tengjast málefnum hafsins.

Markmið með útgáfu viðaukanna í sérriti er einkum það að yfirlitið og samantektin geti nýst þeim er koma að vinnu er lítur að málefnum hafsins. Hvorki upptalning né umfjöllun í viðaukunum er tæmandi og er bent sérstaklega á netslóðir sem finna má í viðaukum til öflunar ítarlegri upplýsinga.

### Viðauki A. Innlent lagaumhverfi er varðar mengun sjávar

#### Lög um varnir gegn mengun sjávar nr. 32/1986

Tilgangur laga um varnir gegn mengun sjávar er að vernda hafið og strendur landsins gegn mengun sem stafar frá skipum, loftförum, pöllum eða öðrum mannvirkjum á sjó og frá landstöðvum af völdum olíu og annarra efna og stofnað getur heilsu manna í hættu, skaðað lifandi auðlindir hafsins og raskað lífríki þess, spiltt umhverfinu eða truflað lögmæta nýtingu hafsins.

Lögin samanstanda af 13 köflum. Í I. kafla er fjallað um tilgang, gildissvið og skilgreiningar. Í II. kafla er fjallað um losun í sjó, það er losun efna og úrgangs sem til verður við rekstur. Í III. kafla um móttökustöðvar fyrir olíuúrgang, sorp og annan úrgang. Í IV. kafla laganna er fjallað um úrkast efna í hafið en meginreglan er sú að úrkast efna eða hluta þeirra í hafið er óheimilt án sérstaks leyfis stjórnvalda. Í V. kafla er fjallað um varnir gegn mengun hafsins sökum brennslu úrgangsefna á hafi úti. Í VI. kafla er fjallað um ábyrgð þeirra er valda mengun á sjó en meginreglan er sú að mengunarvaldur er ábyrgur fyrir öllu tjóni sem mengun veldur. Í VII. Kafla er fjallað um viðbúnað vegna mengunaróhappa og skipulag og aðgerðir til að koma í veg fyrir eða draga úr mengun á sjó. Fjallað er um tilkynningarskyldu, íhlutun, framkvæmd og eftirlit í köflum VIII–X. Í XI. kafla er fjallað um mælingar á mengunarefnum í sjó. Í XII. kafla er fjallað um viðurlög og málsméðferð og eru þau ákvæði nokkuð ströng og ítarleg.

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/1986032.html>

#### Lög um bann við losun hættulegra efna í sjó nr. 20/1972

Meginmarkmið og tilgangur laganna um bann við losun hættulegra efna í sjó er að banna íslenskum skipum að losa í sjó, hvort sem er innan eða utan íslenskrar lögsögu, öll þau efni eða efnasambönd sem hættuleg geta verið sjávarlífi eða heilsu manna.

Bannið tekur til allra eiturefna, lífrænna sem ólífrænna, auðleysanlegra og torleysanlegra sambanda málma og málmleysingja, geislavirkra efna og sprengiefna.

Lögin voru fyrstu og einu sérlögin um mengunarvarnir á hafinu þar til lög um varnir gegn mengun sjávar tóku gildi.

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/1972020.html>

#### Lög um náttúruvernd nr. 44/1999

Markmið laga um náttúruvernd er að stuðla að samskiptum manns og umhverfis þannig að hvorki spillið líf eða land né mengist sjór, vatn eða andrúmsloft. Lögin eiga að tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru eftir eigin lögmálum, en verndun þess sem þar er sérstælt eða sögulegt. Lögin eiga jafnframt að auðvelda umgengni og kynni þjóðarinnar af náttúru landsins og menningarminjum og stuðla að vernd og nýtingu auðlinda á grundvelli sjálfbærar þróunar.

Gildissvið laganna nær meðal annars til landhelgi og efnahagslögsögu, sbr. 1. og 3. gr. laga um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn nr. 41/1979. Lögin breyta í engu ákvæðum annarra laga um vernd, friðun og veiðar á villtum dýrum til lands og sjávar.

Samkvæmt 54. gr. laganna getur umhverfisráðherra eftir atvikum og að fengnum tillögum eða áliti Hafrannsóknastofnunar og Umhverfisstofnunar friðlýst innan landhelgi og efnahagslögsögu náttúrumuinjar í hafi, þ.m.t. eyjar og sker, og á hafsbottini sem mikilvægt þykir að varðveita sakir fegurðar eða sérkenna eða miklu skiptir frá vísindalegu, náttúrufræðilegu eða menningarlegu sjónarmiði að ekki sé raskað. Friðlýsa skal svæði í kringum náttúrumuinjar svo sem nauðsynlegt er til þess að þær fái notið sín og skal þess greinilega geta í friðlysingu. Samkvæmt lögnum njóta sjávarfitjar og leirur sérstakrar verndar.

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/1999044.html>

### **Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998**

Markmið laganna er að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómenguðu umhverfi.

Lögin taka til hvers konar starfsemi og framkvæmda hér á landi, í lofthelgi, efnahagslögsögu og farkostum sem ferðast undir íslenskum fána.

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/1998007.html>

### **Lög um geislavarnir nr. 44 /2002**

Lögnum er ætlað að tryggja nauðsynlegar öryggisráðstafanir gegn geislun frá geislavirkum efnum og geislataækjum í því skyni að takmarka skaðleg áhrif geislunar. Lögnum er ætlað að gæta þess að geislun á fólk vegna allrar starfsemi sem lögin taka til sé eins lítill og unnt er að teknu skynsamlegu tilliti til efnahags- og þjóðfélagslegra aðstæðna

Markmiði laganna skal náð með markvissum aðgerðum, meðal annars eftirliti með allri meðferð geislavirkra efna og geislataækja, athugunum og rannsóknum, vöktun á geislavirkum efnum í umhverfi, viðbúnaði við geislavá og fræðslu og leiðbeiningum um geislavarnir.

Lögin gilda m.a. um vöktun og rannsóknir, sem Geislavarnir ríkisins annast, vegna geislavirkra efna í umhverfi og matvælum.

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2002044.html>

## **Viðauki B. Alþjóðasamningar um varnir gegn mengun sjávar og veðurfarsbreytingar**

### **Samningur um verndun NA-Atlantshafsins (OSPAR)**

**Convention for the Protection of the Marine Environment of the North-East Atlantic, fullgiltur 2. júní 1997, öðlast gildi 25. mars 1998. Stj.rið. C 15/1997**

Markmið samningsins er að koma í veg fyrir mengun Norðaustur-Atlantshafsins með því að draga úr mengun frá landi, mengun af völdum varps og brennslu og mengun frá uppsprettum í hafi. Auk þess tekur hann á mati á ástandi hafssins og verndun og varðveislu vistkerfa og líffræðilegrar fjölbreytni hafsvæðisins. Ákvæði samningsins, sem er rammasamningur, skiptist í almenn ákvæði, fimm viðauka og þrjá samningsauka sem eru hluti samningsins.

Viðaukarnir fimm og samningsviðaukarnir þrír eru tæknilegs eðlis og varða uppsprettur á landi, varp eða brennslu á hafi, uppsprettur á hafi og umhverfisvöktun. Í samningsaukunum eru skilgreind hugtök besta fáanleg tækni og bestu umhverfisvenjur sem og þau viðmið sem lögð skulu til grundvallar við mat á því hvort hafsvæðið eða hluti þess telst mengað.

Mikilvægustu ákvæði samningsins fyrir Ísland eru þau ákvæði er varða varp skipa í hafið, sem og varp geislavirks úrgangs frá skipum og varp olíuborpalla í hafið. Viðaukar samningsins kveða á um að hindra eða koma í veg fyrir mengun við varp eða brennslu í hafi. Meginreglan er bann við varpi úrgangs eða brennslu í hafi nema í vissum undantekningartilfellum. Undantekningar eru t.d. varp fiskiúrgangs. Bann við varpi skolpúrgangs gekk í gildi 1. janúar 1999 en hvað varðar skip þá tekur bannið fyrst gildi 1. janúar 2005. Einungis Bretland og Írland notast enn við þetta varp.

Varp geislavirks úrgangs hefur valdið deilum milli samningsaðilanna. Þeir eru allir fylgjandi algjöru banni við varpi á geislavirkum úrgangi nema Bretland og Frakkland.

Á Íslandi eru í gildi lög nr. 20/1972 um bann við losun hættulegra efna í sjó og lög nr. 32/1986 um varnir gegn mengun sjávar.

Einn af lykilþáttunum í samstarfi þjóða, samkvæmt OSPAR-samningnum, er að annast fjölbjóðlegt verkefni um vöktun og mælingar á efnunum sem mengað geta hafið og vistkerfi þess. Verkefnið nefnist Joint Assessment and Monitoring Programme (JAMP). Niðurstöður verkefnisins geta síðar orðið grunnur raunhæfra áætlana um mengunarvarnir. Alþjóðahafnarfrannsóknaráðið (ICES) er ráðgefandi um ýmis tæknileg atriði verkefnisins og vinnur úr gögnum um mengunarefni í hafinu fyrir OSPAR.

<http://www.ospar.org/>

### **Stokkhólmsamningurinn um lífræn þrávirk efni**

**Stockholm Convention on Persistent Organic Pollutants, undirritaður 23. maí 2001, fullgiltur 29. maí 2002**

Markmið samningsins er að vernda heilsu manna og umhverfið gegn þrávirkum lífrænum efnunum. Sex viðaukar eru við samninginn:

Viðauki A: listi yfir fjölkörbifénýlefni sem á að útrýma

Viðauki B: takmarkanir á notkun og framleiðslu DDT

Viðauki C: óáformuð framleiðsla

Viðauki D: upplýsingakröfur og flokkunarviðmiðanir

Viðauki E: upplýsingakröfur varðandi áhættulýsingu

Viðauki F: upplýsingar um félagsleg og efnahagsleg málefni

<http://www.pops.int/>

### **Alþjóðasamningur um varnir gegn mengun frá skipum, 1973, með breytingum samkvæmt bókun frá 1978 (MARPOL 73/76)**

**International Convention for the Prevention of Pollution from Ships 1973, as modified by the Protocol of 1978 relating thereto, aðild Íslands 25. júní 1985, öðlast gildi 25. september 1985. Stjórið. C 9/1985 og C 5/1989, 13/1992**

Markmið samningsins er að koma í veg fyrir losun mengunarefna út í andrúmsloftið og í sjó, b.m.t. í úthöf, frá farartækjum á sjó, þ.m.t. fastir eða fljótandi pallar sem eru á siglingu eða í höfunum. Samningurinn hefur að geyma almenn ákvæði um skírteini skipa og sérstakar reglur um skoðun skipa. Hann nær ekki einungis til olíu heldur og annarra efna sem valdið geta mengun í hafi.

Samningsaðilar skulu senda Alþjóðasiglingamálstofnuninni texta laga, fyrirmæla, tilskipana og reglugerða og annarra skjala sem út hafa verið gefin um hin ýmsu mál innan gildissviðs samningsins. Einnig skrá um tilnefnda skoðunarmenn eða viðurkenndar stofnanir sem heimilað er að starfa fyrir þeirra hönd að stjórnun málá í tengslum við hönnun, smiði, tækjabúnað og rekstur skipa sem flytja skaðleg efni í samræmi við ákvæði reglnanna. Að auki nægjanlegan fjöldi sýnishorna af þeim vottorðum sem þeir gefa út, samkvæmt ákvæðum reglnanna, skrá yfir móttökustöðvar og staðsetningu þeirra, stærð og tiltæka aðstöðu og önnur sérkenni þeirra. Að lokum skal einnig senda opinberar skýrslur eða útdrátt úr þeim að svo miklu leyti sem þær sýna árangur af beitingu samnings þessu og árlega tölfraðilega skýrslu, í formi sem stofnunin hefur staðlað, um refsiaðgerðir sem beitt hefur verið vegna brota á samningi þessum.

Samningsaðilar skulu stuðla að eflingu tæknilegrar samvinnu.

Samningurinn hefur að geyma sex viðauka með nákvæmari reglum um byggingu farartækja og útbúnað þeirra. Ísland er aðili að þessum viðaukum að undanskildum IV og IV sem annars vegar fjalla um reglur um losun frárennslis (skólops) frá skipum og hins vegar um reglur um loftmengun frá skipum.

Fjöldi breytinga hefur verið gerður á samningnum síðan 1984 sem hafa öðlast gildi en einna mikilvægasta breytingin sem gerð hefur verið, síðan bókunin 1978 var gerð, er breyting sem gerð var 1982 og öðlaðist gildi 5. júlí 1995 og fjallar um reglur varðandi olútanka skipa.

[http://www.imo.org/Conventions/contents.asp?doc\\_id=678&topic\\_id=258](http://www.imo.org/Conventions/contents.asp?doc_id=678&topic_id=258)

## **Alþjóðasamningur um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það (Lundúnarsamningurinn)**

**Convention on the Prevention of Marine Pollution by Dumping of Waters and Other Matter (London Convention 1972), staðfestur 24. maí 1973, öðlast gildi 30. ágúst 1975. Stj.rið. C 17/1973 og C 1/1976**

Markmið samningsins er að stýra og koma í veg fyrir varp úrgangsefna og mengunarefna í sjó utan landhelgisína (þ.m.t. í úthöf) frá skipum og flugvélum og bruna úrgangsefna á hafi. Einnig er það markmið samningsins að stuðla að gerð hliðstæðra svæðisbundinna samninga (sbr. Oslóarsamninginn).

Í samningnum eru reglur um varp úrgangsefna frá skipum og flugvélum, einkum efni sem hættuleg eru umhverfinu, s.s. lífræn þrávirk efni, efni sem valda krabbameini, nokkrar tegundir þungmálma og geislavirk efni.

Samningnum fylgja þrír viðaukar með nánari reglum um varp úrgangsefna:  
Viðauki I tilgreinir efni sem bannað er að varpa í hafið.

Viðauki II tilgreinir efni sem varpa má í hafið að fengnu sérstöku leyfi stjórvalda. Í viðauka III er skýrt að hverju aðildarríki ber að fela ákveðnum yfirvöldum að framfylgja samningnum í lögsögu þess, gefa út heimildir, halda skýrslur og vakta ástand sjávar. Aðildarríki með sérstaka hagsmuni á ákveðnum hafsvæðum skulu gera með sér samning um að vernda það gegn mengun. Aðildarríki skulu vinna saman að því að þjálfa starfsfólk, útvega tækjabúnað til rannsókna og vöktunar og við förgun og meðferð úrgangs, auk þess að þróa reglur um mat á ábyrgð og úrlausn ágreinings.

Aðildarríki skulu stuðla að aðgerðum til að koma í veg fyrir mengun af völdum kolveta eða vegna annarra efna sem flutt eru, úrgangs sem til verður vegna reksturs skipa o.s.frv., geislavirkra mengunarvalda og efna frá athugunum á sjávarbotni.

Í krafti samningsins hafa verið gerðar nokkrar mikilvægar samþykkir, þ.á.m.: um bann við varpi hágeislavirkus úrgangs í hafið, sjálftiljagt bann við varpi lág- og meðalgeislavirkus úrgangs í hafið, stöðvun brennslu úrgangs á hafi sem hættulegur er umhverfinu og banni við varpi iðnaðarúrgangs.

Ákvæði samningsins hafa lagagildi á Íslandi, sbr. lög nr. 53/1973. Til að framfylgja ákvæðum samningsins voru sett lög um varnir gegn mengun sjávar, nr. 32/1986. Einnig eru í gildi lög nr. 20/1972 um bann við losun hættulegra efna í sjó en þau lög taka einungis til skipa og lög nr. 14/1979 um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd þrjá alþjóðasamninga um varnir gegn olíumengun sjávar.

<http://www.londonconvention.org/main.htm>

## **Alþjóðasamningur um viðbúnað og viðbrögð gegn olíumengun og samstarf þar um**

**International Convention on Oil Pollution Preparedness, Response and Co-operation (OPRC), fullgiltur 21. júní 1993, öðlast gildi 13. maí 1995. Stj.rið. C 16/1993**

Markmið samningsins er að koma í veg fyrir mengunaróhöpp á sjó af völdum olíu og skapa grundvöll fyrir alþjóðlega samvinnu og samhjálp um viðbrögð við mengunaróhöppum á sjó er stafa af olíu.

Ákvæði samningsins leggja grunn að alþjóðasamstarfi sem mun nýtast til að bregðast við mengunaróhöppum. Hann kemur þróunarlöndum og minni ríkjum til góða, þar sem þessi ríki geta gert ráð fyrir utanaðkomandi hjálp þegar veruleg mengunaróhöpp verða á hafsvæði þeirra. Samtímis því gerir samningurinn nokkrar kröfur til þeirra aðildarlanda sem óska eftir aðstoð. Aðildarlönd þurfa að uppfylla lágmarksþrófur er ná til skipulags innan stjórkerfisins, gerð viðbragðsáætlana, samskipta og samvinnu.

Sérhvert skip aðildarlands, stjórnendur mannvirkja í hafi, stjórnendur hafna og mannvirkja í lögsögu þess skulu hafa neyðaráætlun um hvernig bregðast á við olíumengun.

Aðildarríki skulu skylda þá aðila sem tilteknir eru í neyðaráætlunum að tilkynna atvik sem hafa eða geta haft í för með sér losun olíu í hafið. Þá eru fyrirmæli til annarra um að tilkynna slíka atburði.

Nokkuð nákvæm ákvæði eru um það með hvaða hætti aðildarríki eiga að bregðast við mengunaróhöppum er stafa af olíu og hvenær er eðlilegt að tilkynna slík óhöpp til annarra ríkja. Samningurinn leggur þær skyldur á aðildarríkin þó koma upp eigin kerfum til að bregðast með virkum hætti við olíumengunaróhöppum. Þá eru ákvæði um að lágmarksútbúnaður, ákveðinn út frá hugsanlegri áhættu, skuli vera til taks í landinu til að bregðast við slíkum óhöppum og þar skuli haldnar æfingar í notkun hans og áætlanir um viðbrögð vera tiltækjar. Sérstök áhersla er lögð á gildi fjarfskiptabúnaðar í tengslum við viðbragðsáætlanir.

Ákvæði í samningnum kveða á um með hvaða hætti alþjóðlegt samstarf um viðbrögð við mengun getur verið, t.d. í formi ráðgjafar, tæknilegrar aðstoðar, láns á útbúnaði og jafnvel lánsfjár til að bregðast við óhappi. Í sérstökum viðauka er fjallað um endurgreiðslu kostnaðar.

Samningurinn leggur skyldur á herðar aðildarríkja um samstarf við rannsóknir og samvinnu hvað varðar tæknimál og tæknipróun til að draga úr áhrifum óhappa. Einn viðauki er við samninginn sem fjallar um reglur vegna endurgreiðslu kostnaðar af aðstoð.

[http://www.imo.org/Conventions/mainframe.asp?topic\\_id=258&doc\\_id=682](http://www.imo.org/Conventions/mainframe.asp?topic_id=258&doc_id=682)

### **Norrænn samningur um samvinnu í baráttu gegn mengun sjávar af völdum olíu og annarra skaðlegra efna (Kaupmannahafnarsamningurinn)**

#### **Nordisk aftale om samarbejde vedrørende bekæmpelse af forurening af havet med olie og andre skadelige stoffer, staðfestur 3. juli 1995, öðlast gildi 16. januar 1998**

Markmið samningsins er að stuðla að gagnkvæmu samstarfi Norðurlandanna um viðbrögð við meiriháttar mengunaróhöppum á sjó er stafa af olíu og öðrum eftirspurnum og vinna að því að vernda tiltekin hafsvæði gegn hugsanlegum mengunaróhöppum. Samningurinn er trygging fyrir því að utanaðkomandi aðstoð berist þegar svo stór mengunaróhöpp verða að einstök ríki geta ekki ráðið við þau upp á eigin spýtur. Samningurinn tekur til innsævis, landhelgi, landgrunns og efnahagslögsögu aðilanna.

Ákvæði samningsins kveða á um skyldur aðildarríkjanna hvað varðar búnað, vöktun og þjálfun, ásamt kostnaði sem því fylgir. Einnig er kveðið á um að halda beri uppi virku eftirliti innan eigin hafsvæðis og að ríki skuldbindi sig til að bregðast til hjálpar öðrum. Einnig er ákvæði um greiðslur skaðabóta.

Framkvæmd samningsins á Íslandi í lögum nr. 32/1996.

Frekari upplýsingar um samninginn má nálgast hjá Umhverfisstofnun á vefsíðinni:

<http://www.ust.is>

### **Alþjóðasamningur um íhlutun á úthafinu þegar óhöpp koma fyrir sem valda, eða geta valdið, olíumengun**

#### **International Convention Relating to Intervention on the High Seas in Cases of Oil Pollution Casualties, fullgiltur 17. juli 1980, öðlast gildi 15. október 1980. Stj.tið. C 10/1980**

Markmið samningsins er að gera ríkjum kleift að grípa til aðgerða á úthafinu þegar óhöpp (skipsskaði) verða sem valda, eða geta valdið, olíumengun innan lögsögu þeirra.

Í ákvæðum samningsins er skilgreint hvenær og til hvaða aðgerða ríki er heimilt að grípa vegna skipsskaða á úthafinu til varnar gegn olíumengun, ef talið er að skipsskaðinn geti valdið tjóni á umhverfi og nytjum innan lögsögu þess sé ekkert að gert. Samningurinn tekur til olíumengunar af völdum hráolíu, brennsluolíu, dísilolíu og smurolíu.

[http://www.imo.org/Conventions/mainframe.asp?topic\\_id=258&doc\\_id=680](http://www.imo.org/Conventions/mainframe.asp?topic_id=258&doc_id=680)

## **Framkvæmdaáætlunin um vernd hafssins gegn mengun frá landi, Washington-áætlunin**

### **GAP Global Programme of Action for the Protection of the Marine Environment from Land-based Activities**

Árið 1995 samþykktu 114 þjóðir alþjóðlega framkvæmdaáætlun um varnir gegn mengun sjávar. Miðar áætlunin að því að auðvelda þjóðum að viðhalda og vernda hafið með því að draga fram helstu vandamál sem að hafinu steðja og leita leiða til úrbóta. Í áætluninni er kveðið á um gerð svæðis- og landsáætlunar.

<http://pops.gpa.unep.org/22policy.htm>

### **Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar**

#### **United Nations Framework Convention on Climate Change (UNFCCC). Undirritaður 4. júní 1992, fullgiltur 16. júní 1993, öðlaðist gildi 21. mars 1994. Stjt. C 14/1993 og C 39/1993**

Markmið samningsins er að koma í veg fyrir hættulega röskun á loftslagskerfinu af manna völdum og tryggja þannig að matvælaframleiðslu í heiminum verði ekki stefnt í hættu og að efnahagsþróun geti haldið áfram á sjálfbærar hátt. Jafnframt er það markmið samningsins að stuðla að alþjóðlegri samvinnu um að auðvelda félagslega og efnahagslega aðlögun að loftslagsbreytingum.

Samningsaðilar eru skuldbundnir, hver um sig og sameiginlega, til að stemma stigu við auknum gróðurhúsaáhrifum með því að draga úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda af manna völdum og vernda og auka viðtaka og geyma (þ.e. lífmassa, skóga, höf og önnur vistkerfi á landi, á ströndum og í hafi) fyrir gróðurhúsalofttegundir. Einnig eru þeir skuldbundnir til þess að gera viðeigandi ráðstafanir og undirbúa aðgerðir sem auðvelda félagslega og efnahagslega aðlögun að loftslagsbreytingum.

Til að ná þessum markmiðum skulu aðilar:

**i** Halda skrár yfir útstreymi gróðurhúsalofttegunda af manna völdum eftir uppsprettum þeirra og fjarlægingu þeirra eftir viðtökum.

**ii** Þróa og framkvæma hvert um sig, og þegar við á sameiginlega á vettvangi alþjóðlegrar eða svæðisbundinna samvinnu, áætlar um aðgerðir til að draga úr loftslagsbreytingum og neikvæðum félagslegum og efnahagslegum afleiðingum þeirra. **iii** Taka tillit til loftslagsbreytingaþáttu (loftslagsbreytinga og aðlögunar að þeim) við ákvarðanir um framkvæmdir og stefnumótun í félags-, efnahags- og umhverfismálum.

**iv** Miðla tækni og skiptast á upplýsingum um aðgerðir og áætlar til að draga úr loftslagsbreytingum og neikvæðum áhrifum þeirra, þ.m.t. viðeigandi vísindalegum, tæknifræðilegum, tæknilegum, hagfélagslegum og lögfræðilegum upplýsingum og upplýsingum um útstreymi gróðurhúsalofttegunda af manna völdum og fjarlægingu þeirra eftir viðtökum.

v Hafa með sér samvinnu um rannsóknir, gagnasöfnun og vöktun. Stuðla að aukinni fræðslu, meðvitund, menntun og þátttöku almennings.

**vi** Hafa samvinnu um að koma á uppbyggjandi og opnu alþjóðlegu hagkerfi sem stuðlar að sjálfbærum hagvexti og þróun hjá öllum aðilum.

Aðilar sem getið er um í Viðauka II (þ.a.m. Ísland) skulu leggja fram fjármagn til að aðstoða þróunarlöndin við að efla getu sína til að fullnægja skuldbindingum samningsins og til þess að laga sig að áhrifum loftslagsbreytinga. Við framkvæmd stefnumiða og áætlana sinna geta einstakir aðilar haft með sér samvinnu um að ná markmiðum samningsins. Þannig teljast sameiginlegar framkvæmdir einstakra aðildarríkja og aðstoð eins aðila við annan vera að hluta fullnægging þeirra skuldbindinga sem samningurinn felur í sér.

Viðaukar samningsins eru tveir:

Viðauki I

Listi yfir þróuð aðildarríki sem eiga að hafa það að markmiði að losun gróðurhúsalofttegunda árið 2000 verði ekki meiri en var árið 1990.

## Viðauki II

Listi yfir þróuð aðildarríki sem hafa þeim skyldum að gegna að veita

þróunarlöndunum fjárhags- og tækniðstoð.

Kýótó-bókunin við samninginn, gerð 11. des. 1997.

<http://unfccc.int/>

## Kýótó-bókunin

Samhliða staðfestingu íslenskra stjórnvalda á ákvæðum Kýótó-bókunarinnar við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar hefur ríkisstjórn Íslands samþykkt nýja stefnumörkun um ráðstafanir til að standa við skuldbindingar loftslagssamningsins og Kýótó-bókunarinnar. Stefnumörkunin felur í sér tillögur, m.a. um eftirfarandi ráðstafanir á næstu árum sem leiða muni til lækkunar á útstreymi gróðurhúsalofttegunda eða aukinnar bindingar kolefnis:

- i** Dregið verði úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum með almennum aðgerðum og með breytri skattlagningu á dísilbílum sem leiði til meiri innflutnings slíkra bíla til einkanota.
- ii** Tryggt verði að fyrirtæki í áliðnaði geri fullnægjandi ráðstafanir til þess að halda útstreymi flúrkolefna frá framleiðslunni í lágmarki.
- iii** Leitað verði leiða til að draga úr orkunotkun í fiskiskipaflotanum.
- iv** Dregið verði úr urðun úrgangs og útstreymi gróðurhúsalofttegunda frá urðunarstöðum.
- v** Aukin verði binding kolefnis með skógrækt og landgræðslu.
- vi** Áhersla verði lögð á rannsóknir á þeim þáttum sem áhrif hafa á útstreymi gróðurhúsalofttegunda og þróun lausna og úrræða til að mæta því.
- vii** Eflað verði fræðsla og upplýsingagjöf til almennings um leiðir til þess að draga úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda.

<http://unfccc.int/resource/convkp.html>

## Viðauki C. Innlent og alþjóðlegt lagaumhverfi lífríkis sjávar

### Lög um náttúruvernd nr. 44/1999

Sjá umfjöllun í Viðauka A.

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/1999044.html>

### Lög um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu nr. 85 / 2000

Lögin gilda um CITES-samninginn að svo miklu leyti sem önnur lög gera ekki strangari kröfur. Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn þessara mála nema hvað sjávarútvegsráðherra fer með yfirstjórn mála er varða nytjastofna sjávar.

Utanríkisráðuneytið er í forsvari gagnvart öðrum aðildarríkjum og skrifstofu samningsins. Til að stuðla að framkvæmd laganna setja umhverfis- og sjávarútvegsráðherrar í reglugerð almenn ákvæði um:

1. verslun með dýr og plöntur.
2. innflutnings-, útflutnings- og endurútflutningsleyfi og vottorð vegna aðflutnings úr sjó.
3. lista yfir dýr og plöntur sem talin eru upp í I. viðauka við samninginn og Ísland hefur ekki gert fyrirvara við, svo og reglur um verslun með þau.
4. lista yfir dýr og plöntur sem talin eru upp í II. viðauka og samninginn og Ísland hefur ekki gert fyrirvara við, svo og reglur um verslun með þau.
5. lista yfir dýr og plöntur sem talin eru upp í III. viðauka við samninginn og Ísland hefur ekki gert fyrirvara við, svo og reglur um verslun með þau.
6. undanþágur frá almennum reglum um verslun með dýr og plöntur í samræmi við samninginn.
7. hlutverk leyfisveitenda og vísindalegra stjórnvalda.

8. verslun með dýr og plöntur við ríki sem ekki eru aðilar að samningnum.

9. eftirlit stjórvalda með því að ákvæðum laganna sé framfylgt.

10. meðferð lifandi dýra.

11. önnur atriði sem falla undir samninginn.

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2000085.html>

## Lög um erfðabreyttar lífverur nr. 18/1996

Markmið laganna er að vernda náttúru landsins, vistkerfi, plöntur og heilsu manna og dýra gegn skaðlegum og óæskilegum áhrifum erfðabreyttra lífvera. Lögunum er ætlað að tryggja að framleiðsla og notkun erfðabreyttra lífvera fari fram á siðferðilega og samfélagslega ábyrgan hátt í samræmi við grundvallarregluna um sjálfbæra þróun.

Lögin taka til allrar notkunar og starfsemi með erfðabreyttar lífverur, þar með eru taldar rannsóknir, framleiðsla, geymsla, meðhöndlun úrgangs, slepping og dreifing, auk eftirlits með athafnasvæðum. Jafnframt taka lögin til innflutnings, markaðssetningar, sölu og annarrar afhendingar erfðabreyttra lífvera, svo og til vörsu sem inniheldur þær að einhverju leyti. Ennfremur taka lögin til flutnings á erfðabreyttum lífverum og vörum sem innihalda þær, á landi, á sjó og í lofti. Við framkvæmd laganna ber að hafa í huga sérstöðu landsins á norðurslóð.

Lögin gilda á Íslandi, í landhelginni og efnahagslögsögunni.

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/1996018.html>

## Samningur um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu (CITES)

**Convention on International Trade in Endangered Species of Wild Fauna and Flora (CITES).**  
**Aðild Íslands 3. janúar 2000, öðlaðist gildi 2. apríl 2000**

Markmið samningsins er að vernda tegundir dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu. Hann nær til milliríkjaverslunar með lifandi og dauð dýr, plöntur og afurðir þeirra. Í honum eru reglur um inn- og útflutning og endurúflutning. Þær tegundir sem um ræðir eru skráðar í sérstakan viðauka sem má breyta á aðildarríkjapíngum samningsins. Viðaukarnir eru þrír og um þá gilda mismunandi strangar reglur. Ákváðanir eru teknar á aðildarríkjapíngum sem haldin eru þriðja hvert ár. Skrifstofa samningsins (CITES-skrifstofan) sér um eftirlit með framkvæmd samningsins. Hún er í tengslum við UNEP.

Viðauki I:

Í þessum viðauka eru tegundir sem eru í útrýmingarhættu. Alþjóðleg verslun með þessar tegundir er háð mjög ströngum reglum og er aðeins heimiluð í undantekningartilvikum og með því skilyrði að inn- og útflutningsleyfi sé fyrir hendi.

Viðauki II:

Í þessum viðauka eru tegundir sem kunna að verða í útrýmingarhættu ef alþjóðlegri verslun með þær er ekki stjórnað. Alþjóðleg verslun með þessar tegundir er heimiluð með því skilyrði að útflutningsleyfi sé fyrir hendi. Nokkur aðildarríki krefjast þess einnig að fengið sé innflutningsleyfi.

Viðauki III:

Í þessum viðauka eru tegundir sem verndaðar eru í einstökum aðildarríkjum samningsins og þau tilnefna í þeim tilgangi að önnur aðildarríki aðstoði þau við að koma í veg fyrir ólöglega verslun með þær. Alþjóðleg verslun með þessar tegundir er háð leyfi frá upprunalandi þeirra.

<http://www.cites.org/>

## Samningurinn um líffræðilega fjölbreytni

**Convention on Biological Diversity (CBD), öðlast gildi 11. september 1994. Stj.tið. C 11/1995**

Markmið samningsins er að vernda líffræðilega fjölbreytni og stuðla að sjálfbærri nýtingu lifandi náttúruauðlinda. Jafnframt er það markmið samningsins að stuðla að sanngjarnri skiptingu þess hagnaðar sem hlýst af nýtingu erfðaaudlinda sem og aðgangi að þeim og tækni til að nýta þær.

Ákvæði samningsins kveða á um að stuðla að verndun og sjálfbærri notkun líffræðilegrar fjölbreytni með viðeigandi stjórntækjum, svo sem áætlanagerð og löggjöf. Að stjórna og hafa eftirlit með notkun og losun erfðabreyttra lívera. Auka rannsóknir og vöktun á líffræðilegri fjölbreytni. Efla fræðslu og menntun um líffræðilega fjölbreytni og kanna, m.a. með lögþundu mati á umhverfisáhrifum, þær athafnir sem kunna að hafa skaðleg áhrif á vernd og sjálfbæra notkun líffræðilegrar fjölbreytni. Sem og að skiptast á vísindalegum upplýsingum og aðstoða þróunarríkin við að ná markmiðum samningsins.

Á vettvangi samningsins hefur verið samþykkt sérstök aðgerðaráætlun, svonefnt Jakarta-umboð, um höf og strendur þar sem lagður er grunnur að því hvernig aðildarríki samningsins vinna að markmiðum hans í málefnum hafssins og nýtingu lifandi auðlinda hafssins. Áætlunin tekur sérstaklega á samþættir stjórnum strand- og hafsvæða, nýtingu auðlinda, verndun svæða, fiskeldi og framandi tegundum. Í áætluninni er eindregið hvatt til þess að við framkvæmd Jakarta-umboðsins sé fylgt samþykkt aðildarríkja samningsins um vistkerfisnálgun og tólf meginmarkmið hennar.

Texta samningsins má nálgast á vefsíðinni: <http://www.biodiv.org/convention/articles.asp>

Texta um vistkerfisnálgun og 12 meginmarkmið hennar má nálgast á vefsíðinni: <http://www.biodiv.org/decisions/default.aspx?m=COP-05&id=7148&lg=0>

Upplýsingar um inntak og markmið Jakarta-áætlunarinnar má nálgast á vefsíðinni: <http://www.biodiv.org/programmes/areas/marine/>

### **Samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf (Ramsarsamningurinn um votlendi)**

**Convention on Wetlands of International Importance Especially as Waterfowl Habitat, aðild Íslands 2. desember 1977, öðlast gildi 2. apríl 1978. Stj. tið. C 1/1978**

Markmið samningsins er að stuðla að verndun og skynsamlegri nýtingu votlendissvæða í heiminum, sérstaklega sem lífsvæði fyrir votlendisfugla. Ákvæði samningsins kveða á um að hverju aðildarríki beri að tilnefna a.m.k. eitt votlendissvæði á skrá samningsins yfir alþjóðlega mikilvæg votlendissvæði.

Í samningnum er votlendissvæði skilgreint mjög víðtækt og nær m.a. yfir mýrar, flóa, fen og vötn með fersku, ísoltu eða söltu vatni, þar á meðal sjó þar sem dýpi er innan við sex metra (A skrá samningsins eru nú 1073 svæði). Votlendisfuglar eru þeir fuglar sem vistfræðilega byggja tilveru sína á votlendi.

Í samræmi við markmið samningsins ber samningsaðilum að undirbúa og framkvæma skipulag þannig að stuðlað sé að vernd votlenda sem eru á skránni, svo og skynsamlegri nýtingu votlenda innan lögsögu þeirra, svo sem unnt er, og tilkynna skrifstofu ef vistfræðileg sérkenni votlenda, sem þeir hafa tilnefnt á skrá samningsins, hafa breyst, eru að breytast eða eru líkleg til þess að breytast vegna verklegra framkvæmda, mengunar eða annarrar röskunar af manna völdum. Til þess að ná fram markmiðum samningsins ber ríkjum að grípa til aðgerða og beita þeim úrræðum sem best geta tryggt framkvæmd samningsins. Ber þeim þannig að stuðla að verndun votlenda og votlendisfugla með stofnun friðlanda á votlendum, hvort heldur þau eru á skránni eða ekki, og sjá um að gæsla þeirra sé fullnægjandi og stuðla að rannsóknum og miðlun upplýsinga og rita um votlendi, gróður þeirra og dýralíf. Þurfa þau að fylgja í stofnum votlendisfugla í heppilegum votlendum með viðeigandi ráðstöfunum, stuðla að þálfun starfsliðs á sviði rannsókna, nýtingar og gæslu votlenda. Auk þess ber þeim að taka tillit til alþjóðlegrar ábyrgðar sinnar á vernd, meðferð og skynsamlegri hagnýtingu farandstofna votlendisfugla og ráðgast innbyrðis um framkvæmd skuldbindinga er samþykkt samningsins felur í sér.

<http://www.ramsar.org/>

### **Samningur um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bernarsamningurinn um villtar plöntur og dýr)**

**Convention on the Conservation of European Wildlife and Natural Habitats, fullgiltur 17. júní 1993, öðlast gildi 1. október 1993. Stj. tið. C 17 / 1993**

Markmið samningsins er að vernda evrópskar tegundir villtra plantna og dýra og lífsvæði þeirra, einkum þeirra tegunda og lífsvæða sem fjölbjóðlega samvinnu þarf til að vernda. Auk þess að stuðla að fjölbjóðlegri samvinnu þar sem hennar er þörf til að vernda tegundir villtra dýra, plantna, dýra og lífsvæða.

Í ákvæðum samningsins er kveðið á um að aðilum beri að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að viðhalda, eða aðlaga, stofnstærð villtra dýra og plantna, einkum í samræmi við vistfræðilegar, vísingdalegar og menningarlegar kröfur.

Samningnum fylgja fjórir viðaukar. Í Viðaukum I-III eru talin upp þær plöntur og þau dýr sem aðilum ber að vernda og ákvæði um verndun þeirra. Viðauki IV fjallar um forboðinn veiðibúnað og veiðiaðferðir.

<http://www.nature.coe.int/english/cadres/bern.htm>

## World Heritage Convention

Samningurinn um verndun menningar- og náttúruarfleiðar heims er gerður af Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna í París árið 1972. Aðild Íslands tók gildi 29. desember 1995. Hlutverk samningsins er fyrst og fremst að tryggja að verðmætar menningar- og náttúruminjar verði ekki tortímingu að bráð og það verði sameiginleg ábyrgð þjóða heims að vernda þær.

Sérstaða sáttmálans er sú að hann setur menningarverðmæti og náttúruverðmæti undir einn hatt. Samkvæmt samningnum er saman heimsminjaskrá um einstæð mannvirki, sögustaði og náttúruminjar sem telja má hluta af sameiginlegum arfi mannkyns. Aðildarriki viðurkenna að þær menningar- og náttúruminjar sem settar eru á heimsminjaskrá séu alþjóðlegar og að skylda hvíli á þjóðum heims að vernda þær.

<http://whc.unesco.org/nwhc/pages/home/pages/homepage.htm>

## Viðauki D. Stjórn fiskveiða við Ísland

### Lög um stjórn fiskveiða nr. 38/1990

Markmið laganna eins og þau eru skýrð í 1. gr. þeirra er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu nytjastofna og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu.

Í frumvarpi með lögnum kemur fram að með þeim sé stefnt að því að marka meginreglur varðandi framtíðarskipan stjórnar fiskveiða og skapa grundvöll fyrir hagkvæmni og skynsamlegri nýtingu fiskstofnanna þannig að hámarksrafakstri af fiskveiðiðauðlindinni verði náð fyrir þjóðfélagið í heild.

Lögin um stjórn fiskveiða eru hornsteinn nágildandi stjórnerfis fiskveiða. Með þeim var lögfest kerfi framseljanlegra aflaheimilda fyrir flestar veiðar og veiðiheimildunum úthlutað til einstakra skipa. Hverju skipi er úthlutað tiltekinni hlutdeild af leyfðum heildarafla tegundar og nefnist það aflahlutdeild skips. Aflamark skips á hverju veiðitímabili eða vertíð ræðst þannig af leyfðum heildarafla viðkomandi tegundar og hlutdeild skipsins í þeim heildarafla. Aflamarkinu má skipta og framselja það á önnur skip en með nokkrum takmörkunum. Leyfður heildarafla flestra tegunda er miðaður við veiðar á 12 mánoða tímabili, frá 1. september ár hvert til 31. ágúst á næsta ári, og nefnist það fiskveiðíár en veiðitímabil fyrir ýmsan annan sjávarafla ræðst af vertíðum. Frá 1991 hafa orðið nokkrar breytingar á lögum um stjórn fiskveiða sem takmarkað hafa framsalsrétt og aflahlutdeild einstakra útgerða. Vorið 2002 voru samþykkt á Alþingi lög sem m.a. kveða á um upptöku veiðigjalds. Ákvæði þessa efnis eru nú hluti laganna um stjórn fiskveiða nr. 38/1990. Veiðigjald verður lagt á veiðiheimildir sem úthlutað er í fiskveiðilandhelgi Íslands og utan lögsögu Íslands.

Til stuðnings virkri stjórn fiskveiða hafa margvislegar ráðstafanir aðrar verið gerðar í verndunar- og varúðarskyni fyrir fiskistofnana. Fyrst er þess að geta að stór svæði á miðunum, sem talin eru helstu uppeldissstöðvar fisks, eru friðuð allt árið um kring gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu. Hrygningarsvæði þorsks eru enn fremur friðuð nokkrar vikur síðla vetrar meðan hrygning stendur sem hæst og Hafrannsóknastofnun hefur heimild til tafarlausra, tímabundinna svæðalokana þar sem vart verður við mikil af seiðum og ungfiski. Stórir togarar mega almennt ekki veiða innan 12 mílna markanna en þó eru á því nokkrar undantekningar. Þá eru í gildi reglur um kjörhæfni veiðarfæra og miðað er við 135 mm möskvastærð í botnfiskveiðum en sérreglur gilda um humar- og rækjutroll og veiðar á sild og loðnu. Á úthafsrækjuveiðum er skilt að hafa seiðaskilju og svonefndan leggpoka á rækjuveiðum á grunnslóð. Þá er og skilt að hafa smáfiskaskilju við botnfiskveiðar á ákveðnu svæði úti fyrir Suðausturlandi. Aflareglar fyrir þorsk er grundvallaratriði

í þeirri varúðarnálgun sem viðhöfð er við nýtingu stofnsins. Reglan var samþykkt í ríkisstjórn árið 1995 og er byggð á starfi nefndar sem reiknaði út hagkvæmustu nýtingu þorskstofnsins þegar til lengri tíma er litið. Samkvæmt henni er álegur heildarafli ákveðinn 25% af veiðistofnininum. Í þessu felst að leyfilegur hámarksafli er ákveðinn sjálfkrafa að loknu árlegu stofnmati. Árið 2000 ákvað sjávarútvegsráðherra jafnframt að takmarka sveiflur í aflahámarki frá ári til árs og er nú miðað við að það breytist ekki um meira en 30.000 tonn milli ára.

Um undirmálsfisk gilda einnig sérstakar reglur. Gerðar eru kröfur um að þorski og ufsa undir 50 sm, ýsu undir 45 sm og karfa undir 33 sm sé haldið aðskildum í afla og að undirmálsfiskur megi ekki vera yfir 10% af þorsk-, ufsa-, ýsu- og karfaflanum. Undirmálsfiskurinn er á hinn böginn ekki reiknaður til fulls af kvótanum og er það gert til að stuðla að því að komið sé með slíkan fisk að landi en honum ekki hent.

Loks má geta þess að strangar reglur eru um að skipstjórar haldi nákvæmar afladagbækur í öllum fiskiskipum og þær eiga að vera aðgengilegar fyrir eftirlitsmenn Fiskistofu. Afladagbækur eru einnig mikilvæg gögn fyrir starfsmenn Hafrannsóknastofnunar.

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/1990038.html>

### **Lög um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins nr. 44/1948**

Lög nr. 44/1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, oft nefnd landgrunnslöginn, voru lögð til grundvallar í baráttunni fyrir útfærslu fiskveiðilandhelginnar. Lögin eru stutt og hnitmiðuð og með þeim lýst yfir að sjávarútvegsráðuneytið skuli með reglugerð ákveða takmörk verndarsvæða við strendur Íslands innan endimarka landgrunnsins þar sem allar veiðar skuli háðar íslenskum reglum og eftirliti. Jafnframt er tekið fram að ráðstafanir til verndar fiskimiðum skuli gerðar að fengnum tillögum frá vísindamönnum og sérfræðingum.

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/1948044.html>

### **Lög um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996**

Markmið laga nr. 57/1996 um umgengni um nytjastofna sjávar er að bæta umgengni um nytjastofna sjávar og stuðla að því að þeir verði nýttir með sjálfbærum hætti þannig að hámarksafrikstur þeirra verði tryggður til langs tíma. Eru í lögunum ákvæði er lúta að veiðum, m.a. bann við brottkasti en það vandamál var ein af meginforsendum fyrir setningu laganna. Þá eru í lögunum reglur er lúta að vigtun sjávarafla þar sem kveðið er með skýrum hætti á um skyldur og ábyrgð þeirra aðila sem að vigtun sjávarafla koma.

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/1996057.html>

### **Lög um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 79/1997**

Í lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands er fiskveiðilandhelgi Íslands skilgreind og grunnur þar með lagður að fiskveiðistórunn innan hennar. Þar kemur og fram bann við veiðum erlendra skipa innan fiskveiðilandhelgi Íslands utan þeirra sem slíkan rétt hafi öðlast vegna milliríkjjasamninga. Lögin fjalla um lokanir veiðisvæða, jafnt tímabundið sem varanlega, og heimildir í þeim til skyndilokana veiðisvæða. Þá innihalda lögin reglur um veiðarfæri og heimild fyrir ráðherra til að kveða nánar á um slíkar reglur.

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/1997079.html>

### **Lög um fiskveiðar utan lögsögu Íslands nr. 151/1996**

Lög um fiskveiðar utan lögsögu Íslands taka til veiða íslenskra skipa úr nytjastofnum, þ.e. sjávardýr og sjávargróður sem nytjuð eru eða kunna að verða nytjuð, utan lögsögu, sbr. lög um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn. Samkvæmt ákvæðum laganna getur ráðherra sett reglur um veiðar íslenskra skipa utan lögsögu sem nauðsynlegar eru til að fullnægja almennum skyldum Íslands til verndunar lifandi auðlindum hafsins. Ráðherra getur með reglugerð sett ákvæði um gerð og frágang veiðarfæra íslenskra skipa við veiðar utan lögsögu Íslands. Þá getur hann sett reglur um lokun veiðisvæða og aðrar þær aðgerðir sem nauðsynlegar kunna að vera til að tryggja ábyrgar veiðar. Skal í þessum efnum taka mið af þeim samningum sem Ísland er aðili að. Íslenskum stjórnvöldum er heimilt, samkvæmt ákvæðum laganna, að gera aðrar þær ráðstafanir gagnvart erlendum skipum vegna veiða þeirra á úthafinu sem nauðsynlegar eru til að framfylgja samningum sem Ísland er aðili að. Brot gegn ákvæðum laganna varða viðurlögum sem frekar er fjallað um í lögunum.

Lög um fiskveiðar utan lögsögu, nr. 151/1996, leystu af hólmi tveggja áratuga gömul lög um þetta efni. Miklar breytingar höfðu átt sér stað í úthafsveiðimálum á þessu tímabili og slíkar veiðar höfðu aukist gríðarlega, bæði af hálfu Íslendinga og annarra þjóða. Þá hafði umhverfi slíkra veiða breyst frá sjónarhlíli alþjóðalaga og reglna með samþykkt Hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna árið 1982 og Úthafsveiðisamnings Sameinuðu þjóðanna frá 1995. Svæðisbundin samvinna um stjórn veiða á úthafinu hafði aukist og færst í fastara form á þessu tímabili. Það var því orðin bryn nauðsyn á nýjum lögum á þessu sviði sem tækju heildstætt á þeim málefnum er snertu veiðar utan lögsögu Íslands.

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/1996151.html>

## Viðauki E. Alþjóðlegir samningar og svæðabundið samstarf á sviði fiskveiðistjórnunar

### Hafréttarsamningur Sameinuðu þjóðann

**United Nations Convention on the Law of the Sea, fullgiltur 21. júní 1985, Stj. tið. C 7/1985, öðlast gildi 16. nóvember 1994, Stj. tið. C 40/1993**

Hafréttasamningur Sameinuðu þjóðanna er fyrsti og eini heildstæði alþjóðasamningurinn á sviði hafréttar. Samningurinn var samþykktur 1982 og eiga nú 145 ríki aðild að honum. Samningurinn er ekki bindandi fyrir önnur ríki en flest ákvæði hans njóta stöðu þjóðréttarvenju og eru þannig bindandi fyrir öll ríki heims.

Með samningnum voru settar eða staðfestar reglur um öll not hafssins og tekur hann til allra hafsvæða, þ.á.m. loftfýmisins yfir þeim og hafsbotsins og botnlaganna undir þeim. Samningurinn fjallar m.a. um landhelgi, efnahagslögsögu, landgrunn, úthafið og alþjóðlega hafsbottinn, réttindi strandríkja og annarra ríkja til fiskveiða, annarrar auðlindanýtingar, siglinga og flugs, verndun gegn mengun hafssins og lausn deilumála.

Samningurinn leggur þannig grunn að hafréttinum og hefur helstu laga- og tæknilegu viðfangsefnum er að honum snúa verið til þriggja stofnana sem settar voru á laggirnar í samningum sjálfum. Það eru Alþjóðlegi hafréttardómurinn, landgrunnsnefnd Sameinuðu þjóðanna og loks Alþjóðahafsbotsstofnunin. Þessar stofnanir hafa þegar tekið til starfa.

Á grundvelli Hafréttarsamningsins hafa sprottið aðrir samningar sem taka á málum sem ekki náðist sátt um í Hafréttarsamningnum eða voru ekki afgreiddir fyllilega m.t.t. breyttra háttu í umgengni við hafið. Gott dæmi um slíkt er Úthafsveiðisamningurinn sem Ísland fullgilti 1997. Engu að síður hafa ákvæði samningsins áhrif á starf svæðisbundinna fiskveiðistofnana, m.a. NEAFC og NAFO.

Níu viðaukar eru við samninginn. Fyrsti viðaukinn er listi yfir flókkustofna, annar um nefnd vegna afmörkunar landgrunnsins, þriðji um rannsóknir og vinnslu á alþjóða-

hafsbottnssvæðinu, fjórði um framkvæmdastofnun á alþjóðahafsbottnssvæðinu, fimmti um sáttagerð, sjötti um stofnskrá hafréttardómstóls, sjöundi um gerðardóm, áttundi um sérstök gerðardómsákvæði og níundi um þátttöku alþjóðastofnana.

Íslensk stjórnvöld hafa allt frá samþykkt samningsins lagt áherslu á að hann skapi lagalegan ramma sem öll umfjöllun um málefni hafssins verði að byggjast á og mikilvægt sé því að standa vörð um samninginn og stuðla að framkvæmd hans. Ísland var einnig fyrst Evrópuríkja til að fullgilda samninginn.

<http://www.un.org/Depts/los/>

### Samningur um framkvæmd XI. hluta Hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982

**Agreement relating to the Implementation of Part XI of the United Nations Convention on the Law of the Sea of 10 December 1982, öðlast gildi til bráðabirgða að því er Ísland varðar 16. nóvember 1994, öðlast gildi að því er Ísland varðar 28. júlí 1995, bíður birtingar**

Sérstakur samningur var gerður um framkvæmd XI. hluta Hafréttarsamningsins er tekur til hafsbotsins. Samningurinn varð til í kjölfar vinnu er efnt var til og ætlað var að takast á við vandmál er upp komu við framfylgd Hafréttarsamningsins er snéri sérstaklega að námuvinnslu á

hafsbotni, einkum af hálfu iðnvæddra ríkja. Samningurinn samanstendur af 10 greinum sem fjalla aðallega um framkvæmd XI. hluta Hafréttarsamningsins. Samningnum fylgja 10 viðaukar er taka til þeirra álitamála sem ágreiningur var uppi um. Meðal þeirra er dreifing kostnaðar aðildarríkjanna, stofnanauppbýgging, ákvörðunarferli og möguleikar til breytinga á seinni stigum.

[http://www.un.org/Depts/los/convention\\_agreements/convention\\_overview\\_part\\_xi.htm](http://www.un.org/Depts/los/convention_agreements/convention_overview_part_xi.htm)

### **Samningur um framkvæmd ákvæða Hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982 um verndun deilistofna og viðförulla fiskistofna og stjórn veiða úr þeim**

**Agreement for the Implementation of the Provisions of the United Nations Convention on the Law of the Sea of 10 December 1982 Relating to the Conservation and Management of Straddling Fish Stocks and Highly Migratory Fish Stocks, fullgiltur 14. febrúar 1997, hefur ekki öðlast gildi, biður birtingar**

Til einföldunar er samningurinn um verndun deilistofna og viðförulla fiskistofna og stjórnun veiða úr þeim nefndur Úthafsveiðisamningurinn enda lýsir það vel meginviðfangsefni samningsins sem er stjórnunun veiða á úthafinu. Langflestir þeirra fiskistofna sem veitt er úr á úthafinu teljast annaðhvort til deilistofna, þ.e. stofnar sem halda sig bæði innan og utan lögsögu ríkja, eða viðförulir fiskistofnar og falla því undir samninginn. Sem dæmi um deilistofna má nefna norski-íslenska síldarstofninn, úthafskarfann á Reykjaneshrygg, kolmunastofninn og þorskstofninn í Barentshafi. Helstir viðförulla fiskistofna eru túnfiskstofnar. Kjarni Úthafsveiðisamningsins eru reglur um að strandríki og úthafsveiðiríki starfi saman á vettvangi svæðisbundinna fiskveiðistofnana að verndun og stjórnun veiða úr fiskistofnum sem ganga inn og út úr lögsögu. Samningurinn myndar ramma um slíkt samstarf.

Yfirlýst markmið samningsins er að tryggja langtíma verndun og sjálfbæra nýtingu deilistofna og viðförulla fiskistofna og byggist samningurinn á fimm meginþáttum.

Fyrsti meginþátturinn eru þær reglur sem verndun stofnanna og stjórnunun veiða úr þeim skulu byggjast á. Ákvæði eru um söfnun gagna og eflingu vísindarannsókna, auk ákvæðis um varúðarleið sem gerir ráð fyrir að ríki sýni sérstaka varúð þegar upplýsingar um viðkomandi stofn eru óvissar eða ónógar.

Annar meginþáttur og kjarni samningsins eru reglur um samstarf ríkja. Þar er gert ráð fyrir því að strandríki og úthafsveiðiríki starfi saman á vettvangi svæðisbundinna veiðistjórnunarstofnanna að verndun deilistofna og viðförulla fiskistofna og stjórnun veiði úr þeim.

Þriðji meginþátturinn er ákvæði um að verndunar- og stjórnunarráðstafanir fyrir úthafið annars vegar og lögsögu ríkja hins vegar skuli vera samþýðanlegar.

Fjórði meginþátturinn eru ákvæði um eftirlit og framkvæmdarvald og fimmti og síðasti meginþáttur Úthafsveiðisamningsins eru ákvæði um friðsamlega lausn deilumála.

[http://www.un.org/Depts/los/convention\\_agreements/convention\\_overview\\_fish\\_stocks.htm](http://www.un.org/Depts/los/convention_agreements/convention_overview_fish_stocks.htm)

### **Samningur um Svalbarða**

**Treaty concerning Spitsbergen, fullgiltur 22. júlí 1994, öðlast gildi að því er Ísland varðar sama dag, Stj.tið. C 31/1995**

Í kjölfar deilna og langvarandi togstreitu um yfirráð yfir Svalbarða var, í framhaldi af friðarsamningnum, gerður samningur um Svalbarða 9. febrúar 1920.

Upphafleg aðildarríki voru Noregur, Bandaríkin, Danmörk, Frakkland, Ítalía, Japan, Holland, Bretland og Svíþjóð. Fleiri ríki gerðust aðilar að samningnum í kjölfarið og eru aðildarríki nú liðlega 40.

Samningurinn um Svalbarða hefur að markmiði uppbýggingu eyjaklasans og friðsamlega nýtingu hans. Samningurinn kveður á um yfirráð Norðmanna yfir eyjaklasanum en frá þeirri meginreglu eru mikilvægar undantekningar. Ríkisborgarar aðildarríkjanna og skip þeirra eiga sama rétt og Norðmenn til veiða á sjó og landi en Norðmönnum er heimilt að grípa til verndaraðgerða sem þó verða að koma jafnt niður á borgurum aðildarríkjanna. Þá er ríkisborgurum allra aðildarríkjja heimil atvinnustarfsemi á Svalbarða og nýting auðlinda, þar á meðal námuvinnsla. Í samningnum er lagt bann við herstöðvum á eyjunum og skattalögsaga Norðmanna er mjög takmörkuð.

Markmiðið með aðild Íslands að samningnum um Svalbarða er að leitast við að tryggja hlutdeild í aðgerðum á grundvelli samningsins. Norðmenn hafa lýst yfir 200 mílna fiskverndarsvæði umhverfis Svalbarða. Aðild að samningnum felur ekki í sér viðurkenningu íslenskra stjórnvalda á réttmæti þeirrar aðgerðar enda er ágreiningur um rétt Norðmanna á svæðinu og almennt um gildi samningsins á hafsvæði utan landhelgi.

### **Samningur um Alþjóðahafrannsóknaráðið**

**Convention for the International Council for the Exploration of the Sea, fullgiltur 4. desember 1964, Stj.tið. C 2/1965, öðlast gildi 22. júlí 1968, Stj.tið. C 10/1968**

Meginmarkmið og tilgangur Alþjóðahafrannsóknaráðsins er að efla og stuðla að vísindalegum rannsónum á lífríki á öllu Norður-Atlantshafssvæðinu. Ráðinu er ætlað að hafa forgöngu um að efla samvinnu og samstarf um vísindalegar rannsóknir meðal aðildarríkjanna sem og meðal annarra alþjóðlegra samtaka eða stofnana er stunda rannsóknir á lífríki sjávar og birta niðurstöður rannsóknna. Ráðið myndar vettvang þar sem vísindamenn aðildarríkjanna geta skipst á upplýsingum og m.a. þannig stuðlað að aukinni þekkingu á lífríki í Norður-Atlantshafi.

<http://www.ices.dk/>

### **Samningur um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi (NAFO)**

**Convention Future Multilateral Cooperation in the Northwest Atlantic Fisheries, fullgiltur 29. desember 1978, öðlast gildi 1. janúar 1979, Stj.tið. C 17/1978**

Samningurinn kemur í stað eldri samnings, frá 8. febrúar 1940, um fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi. Markmið samningsins er að stuðla að verndun og bestu nýtingu á fiskveiðiauðlindum í Norðvestur-Atlantshafi á þann hátt er samrýmist útfærslu fiskveiðilögssögu strandríkja og samkvæmt því hvetja til alþjóðlegrar samvinnu og samráðs að því er auðlindir þessar varðar. Sérstakt vísindaráð var stofnað og er starfrækt á grundvelli samningsins sem allir aðilar eiga sæti í. Vísindaráðinu er ætlað það hlutverk m.a. að verða vettvangur samvinnu um rannsóknir varðandi fiskveiðar á samningssvæðinu og að safna tölfraðilegum upplýsingum um þær. Innan samningsins starfar sérstök fiskveiðinefnd og er hún ábyrg fyrir stjórnun og vernd fiskiauðlinda á samningssvæðinu. Skrifstofa NAFO er staðsett í Dartmouth, Nova Scotia í Kanada. Rækjuveiðar á alþjóðlegu svæði í Norðvestur-Atlantshafi, sem oftast er nefnt Flæmski hatturinn, eru meðal annars undir stjórn NAFO.

<http://www.nafo.ca/>

### **Samkomulag á milli Íslands og Noregs um fiskveiði- og landgrunnsmál**

**Overenskomst mellom Island og Norge vedörende fisker- og kontinentalsokkelspörsmál, öðlast gildi 13. júní 1980, Stj.tið. C 9/1980**

Samkomulagið átti sér nokkurn aðdraganda en það varðar ágreining um Jan Mayen svæðið einkum í sambandi við fiskveiði- og landgrunnsréttindi. Í kjölfar loðnuveiða Norðmanna á svæðinu 1978 var brýnt að leita samkomulags til þess að tryggja að íslenski loðnustofninn yrði ekki ofnýttur. Í samningnum er viðurkennd nauðsyn á raunhæfum ráðstöfunum til verndunar, skynsamlegrar nýtingar og endurnýjunar lifandi auðæfa hafssins og enn fremur nauðsyn skynsamlegrar nýtingar auðlinda landgrunnsins. Viðurkennt er mikilvægi samræmds, náins og vinsamlegs samstarfs milli landanna tveggja til að tryggja að þessum markmiðum verði náð og einnig er viðurkennd nauðsyn á skipulögðu samstarfi við önnur lönd sem hlut eiga að máli til þess að ná þessum markmiðum.

### **Samningur um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðaustur-Atlantshafi (NEAFC)**

**Convention on Future Multilateral Cooperation in North-East Atlantic Fisheries, fullgiltur 6. júlí 1981, Stj.tið C 15/1981, öðlast gildi 17. mars 1982, Stj.tið. C 14/1982**

Markmið samningsins er að stuðla að verndun og bestu nýtingu fiskveiðiauðlinda á samningssvæðinu. Landfræðilegt gildissvið samningsins nær til Norðaustur-Atlantshafs, Norður-Íshafs og Barentshafs. Samningurinn nær til allra fiskistofna á samningssvæðinu að undanteknum

fartegundum og tegundum sem leita upp í ár. Sérstök fiskveiðinefnd (NEAFC) er starfandi samkvæmt samningnum og er framkvæmdaraðili hans. Nefndinni er ætlað það hlutverk fyrst og fremst að gera tillögur um fiskveiðar utan þeirra svæða sem falla undir fiskveiðilögsögu samningsaðila og skal hún aðeins gera ályktanir um veiðar innan fiskveiðilögsögu ef hlutaðeigandi aðili óskar þess.

<http://www.neafc.org/>

### **Atlantshafstúnfiskráðið (ICCAT)**

#### **International Commission for the Conservation of Atlantic Tunas (ICCAT)**

Atlantshafstúnfiskráðið er ábyrgt fyrir stjórnun veiða á túnfiski og skyldum tegundum í Atlantshafi og aðliggjandi höfum. Ráðið var stofnað árið 1969 og byggist á samningi um verndun túnfisks í Atlantshafi frá árinu 1966. Alls eru það um 30 tegundir túnfisks sem ráðið fjallar um og er túnfiskráðið eini aðilinn, á sviði fiskveiðistjórnunar, sem annast getur alla þá þætti er snúa að rannsóknun og ráðgjöf um veiðar á túnfiski og skyldum tegundum auk athugana á áhrifum veiðanna á túnfiskstofninn sem og áhrifum veiðanna á aðra stofna, einkum hákarl.

<http://www.iccat.es/>

### **Samningur um verndun lax í Norður-Atlantshafi (NASCO)**

#### **Convention for the Conservation of Salmon in the North Atlantic Ocean, fullgiltur 21. júní 1982, Stj.rið. C 5/1982, öðlast gildi 1. október 1983, Stj.rið. C 12/1983**

Samningurinn er rammasamningur um samvinnu hlutaðeigandi aðila um verndun lax á Norður-Atlantshafi. Samkvæmt samningnum var sett á laggirnar alþjóðastofnun, Norður-Atlantshafslaxverndunarstofnunin. Tilgangur hennar er með samráði og samvinnu að stuðla að verndun, endurnýjun, eflingu og skynsamlegri nýtingu laxastofna þeirra sem samningurinn nær til. Yfirumsjón stofnunarinnar er í höndum ráðs sem í eiga sæti fulltrúar samningsaðila. Stofnunin skiptist í ráð og þrjár svæðisnefndir sem setja reglur um verndun lax á hverju svæði fyrir sig. Í Norður-Ameríkunefnd eru Bandaríkin og Kanada. Í Vestur-Grænlandsnefnd eru Bandaríkin, Efnahagsbandalag Evrópu og Kanada, í Norðaustur-Atlantshafsnefnd eru Danmörk, fyrir hönd Færøyja, Efnahagsbandalag Evrópu, Ísland, Noregur og Svíþjóð. Ráðið er vettvangur fyrir könnun, greiningu og skipti á upplýsingum.

<http://www.nasco.int/>

### **Siðareglur FAO um ábyrgð í fiskimálum**

#### **Voluntary Agreements FAO, Code of Conduct for Responsible Fisheries**

Í formála siðareglina FAO um ábyrgð í fiskimálum kemur fram að í kjölfar mikilla breytinga á lagalegu umhverfi fiskimála, s.s. með gildistöku Hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna og með stórbættri tækni á öllum sviðum og markaðsdrifnu viðskiptaumhverfi, hafi verið rík þörf á þróun nýrra hugmynda sem leitt gætu til sjálfbærni og ábyrgðar í fiskimálum. Í kjölfarið voru samdar siðareglur um ábyrgð í fiskimálum til notkunar um heim allan sem ætlað er að vera í samræmi við alþjóðalög og samþykktir. Siðareglunum er ætlað að koma á grunnreglum og viðmiðunum er nota má við verndun, stjórnun og þróun allra fiskimála án þess að bera með sér lagaskyldu. Þær mynda nauðsynlegan ramma fyrir viðleitni einstakra þjóða og alþjóðasamstarf við að tryggja sjálfbæra nýtingu lifandi auðlinda vatns og sjávar í sátt við umhverfið.

Í fyrstu grein um eðli og umfang siðareglanna kemur fram að þær eru valfrjálsar þó hluti þeirra byggist á viðeigandi ákvæðum þjóðarréttar. Siðareglunum er ætlað að ná til allra þjóða heims, til veiðanna sjálfra, vinnslu og viðskipta með fisk og fiskafurðir, fiskeldis, fiskirannsókna og samþættingar fiskimála í stjórnun strandsvæða.

<http://brunnur.stj.r.is/interpro/sjavarutv/sjavarutv.nsf/pages/1AC639749DE2707180256562004D91A7>

## **Reykjavíkuryfirlýsing FAO**

### **Reykjavík Declaration on Responsible Fisheries in the Marine Ecosystem**

Í aðdraganda leiðtogafundarins um sjálfbæra þróun í Jóhannesborg var haldin alþjóðleg ráðstefna um ábyrgar fiskveiðar í vistkerfi sjávar í Reykjavík árið 2001 á vegum Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna. Ráðstefnan hefur átt þátt í að koma á framfæri inntaki og hugsun vistfræðilegrar nálgunar við stjórn nýtingar lifandi auðlinda hafsins. Felst nálgunin í því að stjórna beri nýtingu sjávarauðlinda út frá víðara sjónarhorni en því sem beinist að einstökum nytjastofnum. Markmiðið með ráðstefnunni var að stuðla að bættri framkvæmd á síðareglum FAO um ábyrgð í fiskimálum, einkum með því að beita vistfræðilegri nálgun við stjórn á nýtingu á lifandi auðlindum hafsins. Afrakstur ráðstefnunnar var Reykjavíkuryfirlýsingin um ábyrgar fiskveiðar í vistkerfi sjávar. Yfirlýsingin var kynnt og um hana fjallað á leiðtogafundinum í Jóhannesborg.

<http://www.fao.org/docrep/meeting/004/Y2211e.htm>

## **Viðauki F.Hafsbótn og landhelgi**

### **Lög um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins nr. 73/1990**

Í lögnum er eignarhaldi íslenska ríkisins á auðlindum hafsbotsins skýrt. Hugtakið auðlind á hafsbotni er skilgreint og fjallað er um leyfisveitingar til rannsókna og hagnýtingar efna og ráðstöfun tekna af leyfum.

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/1990073.html>

### **Lög um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn nr. 41/1979**

Í lögnum er landhelgi Íslands afmörkuð og skýrð. Fullveldisréttur Íslands nær til landhelginnar, hafsbotsins innan hennar og lofrýmisins yfir henni. Efnahagslögsaga er svæði utan landhelgi sem afmarkast af línu sem er alls staðar 200 sjómílur frá grunnlinum landhelginnar. Í lögnum er skýrður annars vegar fullveldisréttur innan efnahagslögsögunnar og hins vegar lögsögu. Lögin ná til landgrunnsins og afmörkunar svæða milli landa, auk þess sem þau ná til ráðstafana gegn mengun og ví sindalegra rannsókna í landhelgi, efnahagslögsögu og á landgrunni.

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/1979041.html>

### **Lög um leit, rannsóknir og vinnslu koveltnis nr. 13/2001**

Lögin taka til leitar, rannsókna og vinnslu koveltnis og flutnings þess utan netlaga í landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunni Íslands. Í lögnum merkir koveltni jarðolíu, jarðgas eða annars konar koveltni sem er til staðar í jarðögum undir hafsbotni frá náttúrunnar hendi og nýtanlegt er í loftkenndu eða fljótandi formi.

Samkvæmt ákvæðum laganna er íslenska ríkið eigandi koveltnis sem hugsanlega verður nýtt utan netlaga. Leit, rannsóknir og vinnsla koveltnis er háð leyfi iðnaðarráðherra og veitir hann leyfi til leitar að koveltni með rannsóknir og vinnslu að markmiði. Áður en leyfi er veitt til leitar að koveltni skal ráðherra leita umsagnar sjávarútvegsráðuneytis og umhverfisráðuneytis.

Við veitingu leyfis skal þess gætt að nýting auðlindanna sé með þeim hætti að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða, nýting auðlindanna sé hagkvæm frá þjóðhagslegu sjónarmiði og tekið sé tillit til nýtingar sem þegar er hafin í næsta nágrenni.

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2001013.html>

### Sameinuðu þjóðirnar

#### The United Nations

Sameinuðu þjóðirnar hófu starfsemi sína árið 1945 er 51 ríki skuldbatt sig til að vinna sameiginlega að friði í heiminum með alþjóðlegu samstarfi. Nær allar þjóðir heims, alls 191 ríki, eru aðilar að Sameinuðu þjóðunum.

Við aðild að Sameinuðu þjóðunum gangast ríki við skuldbindingum sáttmála Sameinuðu þjóðanna sem tekur á meginreglum í samskiptum ríkja. Samkvæmt sáttmálanum eru grundvallarmarkmið Sameinuðu þjóðanna fjögur. Í fyrsta lagi að viðhalda friði og öryggi í heiminum. Í öðru lagi að stuðla að og þróa vinsamleg samskipti meðal þjóða. Í þriðja lagi að koma að lausn alþjóðlegra deilna og efla virðingu fyrir mannréttindum og í fórða lagi að skapa vettvang samvinnu og samræmingar í hvers konar sameiginlegum aðgerðum ríkja. Sameinuðu þjóðirnar eru ekki alheimsstjórnvald og setja ekki lög. Þeirra hlutverk er fyrst og fremst að skapa vettvang fyrir ríki til að leysa alþjóðleg deilumál, auk þess sem samtökin gegna mikilsverðu hlutverki við að móta stefnu í málum er varða hagsmuni allra jarðarbúa.

Sameinuðu þjóðirnar eru uppbyggðar af sex meginstofnunum en auk þeirra eru starfandi fjölmargar stofnanir er heyra undir Sameinuðu þjóðirnar eða starfa í nánum tengslum við þær. Viðfangsefni stofnananna snerta alla þætti mannlífs og velferðar jarðar. Saman mynda þessar ólíku stofnanir svokallað kerfi Sameinuðu þjóðanna (the UN system).

Á vettvangi allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna eru lagðar fram tvennar ályktanir árlega. Annars vegar er um að ræða svokallaða Omnibus-ályktun um Hafréttarsamninginn og almenn málefni tengd hafinu en hins vegar er svokölluð fiskveiðiályktun sem varð til við samruna ályktana um Úthafsveiðisamninginn annars vegar og um reknet hins vegar.

<http://www.un.org/>

### Hafréttarsamningur Sameinuðu þjóðanna (UNCLOS)

#### United Nations Convention on the Law of the Sea

Sjá umfjöllun í Viðauka E.

<http://www.un.org/Depts/los/>

### Alþjóðlegi hafréttardómurinn

#### The International Tribunal for the Law and the Sea

Hafréttardómurinn hóf starfsemi sína árið 1996 og hefur aðsetur í Hamborg, Þýskalandi. Hann fjallar um ágreining er upp kann að koma milli aðildarríkjja samningsins eða í öðrum tilfellum þar sem dómurinn hefur lögsögu, s.s. samkvæmt ákvæðum annars samnings sem veitir dómnunum lögsögu. Í dómnunum sitja tuttugu og einn dómarí, kosnir af aðildarríkjum Hafréttarsamningsins. Þeir skulu vera fulltrúar helstu réttarkerfa heimsins, auk þess að endurspeglar sanngjarna landfræðilega dreifingu.

<http://www.itlos.org/>

### Landgrunnsnefnd Sameinuðu þjóðanna (CLCS)

#### Commission on the Limits of the Continental Shelf

Landgrunnsnefndinni er ætlað að taka til umfjöllunar gögn sem strandríki leggja fram við afmörkun ytri marka landgrunnsins utan 200 sjómiðna. Nefndin gerir í framhaldi tillögur um ytri mörk og er strandríkjum ætlað að ákveða þau mörk í samræmi við ráðleggingar nefndarinnar. Ákvörðun strandríkis er endanleg. Með þessu er reynt að draga úr líkum á deilum strandríkjja vegna auðlindanýtingar á víðáttu landgrunnsins.

Í nefndinni sitja 21 sérfræðingur, kosnir sem einstaklingar, á sviði jarðfræði, jarðeðlisfræði eða sjómælinga.

[http://www.un.org/Depts/los/clcs\\_new/clcs\\_home.htm](http://www.un.org/Depts/los/clcs_new/clcs_home.htm)

## **Alþjóðahafsstofnunin (ISA)**

### **International Seabed Authority**

Alþjóðahafsstofnunin er sjálfstæð alþjóðastofnun sem starfar samkvæmt ákvæðum 4. kafla, XI. hluta Hafréttarsamningsins sem var komið á laggirnar á Jamaíku árið 1994. Stofnuninni er, samkvæmt samningnum, ætlað að annast skipulagningu og hafa eftirlit með starfsemi á alþjóðlega hafsstofnunsvæðinu, einkum er lýtur að auðlindanýtingu. Ríkjum er almennt óheimilt að nýta þann hluta hafsstofnunins nema með leyfi stofnunarinnar.

<http://www.isa.org.jm/>

## **Óformlegi vettvangurinn um málefni hafsins hjá Sameinuðu þjóðunum**

### **United Nations Open-ended informal consultative process on oceans and the law of the sea**

Óformlegum vettvangi Sameinuðu þjóðanna um málefni hafsins var komið á laggirnar síðla árs 1999, í framhaldi af ákvörðun nefndar um sjálfbæra þróun (CSD). Vettvanginum, sem komið var á til þriggja ára, var frá upphafi ætlað að undirbúa og efla umræður á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna um málefni hafsins og hafréttarmál og leggja fram tillögur um hvar bæta þurfi samvinnu og samráð. Starfstími vettvangsins var árið 2002 fram lengdur um þrjú ár. Þannig getur vettvangurinn í raun fjallað um öll málefni hafsins, s.s. auðlindir þess, hafrýmið og siglingar. Ísland hefur frá upphafi lagt áherslu á að vettvanginum væri haldið innan ramma ákvæða Hafréttarsamningsins. Þrátt fyrir hikandi afstöðu til vettvangsins hefur Ísland tekið virkan þátt í starfi hans og reynt eftir getu að beina umsvifum hans í farveg er hentar íslenskum aðstæðum og áherslum.

Frá stofnun óformlega vettvangsins hefur verið fjallað um mengun sjávar frá landi, sjálfbæra stjórnun fiskveiða, hafrannsóknir, sjórán, vernd umhverfis hafsins, aðstoð við þróunarríki á svíðum er varða vernd og sjálfbæra nýtingu hafsins, vernd viðkvæmra vistkerfa og loks öryggi í siglingum.

[http://www.un.org/Depts/los/consultative\\_process/consultative\\_process.htm](http://www.un.org/Depts/los/consultative_process/consultative_process.htm)

## **Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO)**

### **Food and Agriculture Organization**

Matvæla- og landbúnaðarstofnuninni var komið á fót árið 1945 og var þá megin tilgangur stofnunarinnar að færa til hærra stigs gæði fæðu og lífs, bæta landbúnaðarframleiðslu og aðbúnað og skilyrði til búsetu í strjálbýli. Nú er Matvæla- og landbúnaðarstofnun ein stærsta stofnun Sameinuðu þjóðanna og leiðandi í umfjöllun um landbúnað, skógrækt, fiskimál og byggðaþróun. Aðilar að stofnuninni eru 188 ríki auk Evrópusambandsins. Markmið fiskimáladeildar stofnunarinnar er að stuðla að og tryggja til langs tíma sjálfbæra þróun og nýtingu fiskistofnanna og fiskeldis. Til að ná þessum markmiðum vinnur stofnunin í samvinnu við ríki og alþjóðastofnanir, m.a. að því að efla rannsóknir og upplýsingagjöf á vettvangi fiskveiða og fiskeldis.

<http://www.fao.org/>

## **Alþjóðasiglingamálastofnunin (IMO)**

### **International Maritime Organization**

Alþjóðasiglingamálastofnunin fer með mál er varða öryggi í siglingum. Stofnunin hefur unnið að setningu þjóðréttarreglna um gerð og búnað skipa og björgun á sjó og er það upprunalegt markmið með starfi stofnunarinnar. Annað meginhlutverk stofnunarinnar, og ekki síður mikilvægt um þessar mundir, er starf stofnunarinnar að vörnum gegn mengun sjávar. Stofnuninni var falið að annast framkvæmd fyrstu alþjóðasamþykktar um varnir gegn olíumengun sjávar (OILPOL), 1958, og þeir samningar sem síðar hafa verið gerðir um varnir gegn mengun hafsins hafa flestir verið gerðir með liðsinni eða fyrir tilstilli stofnunarinnar og annast hún framkvæmd þeirra. Auk þess hefur Alþjóðasiglingamálastofnunin samþykkt ýmsar reglur og staðla á svíði mengunarvarna á höfunum sem ríki hafa síðan haft sem fyrirmund við setningu samsvarandi ákvæða.

<http://www.imo.org/>

## **Alþjóðasjómælingastofnunin (IHO)**

### **International Hydrographic Organization**

Upphaf starfsemi Alþjóðasjómælingastofnunarinnar má rekja allt til ársins 1899 en í núverandi mynd til ársins 1970. Aðsetur stofnunarinnar er í Mónakó. Sjómælingastofnunin er alþjóðleg stofnun sem 73 ríki eiga aðild að. Meginmarkmið og verkefni stofnunarinnar er að vinna að auknu öryggi sjófarenda með mælingum og útgáfu sjókorta sem byggjast á nýjustu rannsóknunum og þekkingu á hverjum tíma. Stofnunin vinnur að samræmingu og ráðgjöf á sviði sjómælinga í samstarfi sjómælinga einstakra ríkja.

<http://www.ihoshom.fr/>

## **Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNEP)**

### **United Nations Environment Programme**

Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna hóf starfsemi sína árið 1972 og eru höfuðstöðvar stofnunarinnar í Nairobi. Verkefni stofnunarinnar er að skapa leiðandi vettvang og samstarf þjóða heims í umhverfismálum, auk þess að hvetja, upplýsa og auðvelda ríkjum og þegnum þeirra að bæta lífsskilyrði sín án þess að draga úr eða skerða möguleika komandi kynslóða til hagstæðra lífsskilyrða.

Umhverfisstofnunin er rödd umhverfisins innan Sameinuðu þjóðanna. Til að ná fram markmiðum sínum leggur stofnunin á það áherslu að vera hvati, málsvari og vettvangur upplýstrar afstöðu til skynsamlegrar nýtingar auðlinda jarðar og sjálfbærar þróunar umhverfis og vistkerfis. Stofnunin leitast við að vinna með sem breiðustum hópi aðila innan Sameinuðu þjóðanna, meðal ríkja, félagasamtaka, einkaaðila og almennings.

Umhverfisstofnunin vinnur að því að koma því í kring að meta hnattrænt, svæðabundið og staðbundið ástand og þróun umhverfismála og þróa alþjóðlegar og innlendar aðferðir við að ná árangri í umhverfismálum. Einnig vinnur hún að því að styrkja starfsemi stofnana er vinna að skynsamlegri stjórnun umhverfisþáttu og greiða fyrir þekkingar- og tækniútbreiðslu er miðar að sjálfbærri þróun, auk þess að hvetja til samstarfs og hugmyndasamvinnu opinberra aðila og einkaaðila.

<http://www.unep.org/>

## **Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO/IOC)**

### **United Nations Educational Scientific and Cultural Organization UNESCO) / Intergovernmental Oceanographic Commission (IOC)**

Menningarmálastofnuninni var komið á laggirnar árið 1946 og eru nú 189 ríki aðilar að henni. Yfirlýst markmið með starfi stofnunarinnar er að vinna að friði og öryggi í heiminum með því að efla og stuðla að samstarfi ríkja á vettvangi menntunar, vísinda, menningar og samskipta. Haffræðinefndin, IOC, er nefnd innan Menningarmálastofnunarinnar og var henni komið á fót árið 1960. Starf haffræðinefndarinnar hefur einkum beinst að því að efla vísindalegar rannsóknir á hafinu og virkni þess og áhrifum innan vistkerfis jarðar. Áherslur í starfi nefndarinnar nú eru einkum fjórar. Að þróa, stuðla að og greiða fyrir alþjóðlegum haffræðilegum rannsóknum til að auka skilning á haffræðilegum ferlum og áhrifum þeirra og tengslum við markmið sjálfbærar þróunar. Að tryggja skynsamlega skipulagningu og samstarf í alþjóðlegum hafrannsóknum og þannig koma sem best á framfæri upplýsingum um virkni og áhrif hafssins á veðurfar, stjórn haf- og strandsvæða og hnattrænna umhverfisbreytinga. Að vera í fararbroddi fræðslu, kennslu og tæknilegrar aðstoðar við hafrannsóknir. Og að lokum að niðurstöður rannsókna, mælinga og vöktunar fái sem besta meðhöndlun og upplýsingarnar séu sem aðgengilegarstar.

<http://www.unesco.org/> og <http://ioc.unesco.org>

## Norðurskautsráðið (AC)

### Arctic Council

Norðurskautsráðið var stofnað árið 1996 með sameiginlegri yfirlýsingu aðildarríkjanna átta sem eru: Bandaríkin, Danmörk, Finnland, Ísland, Kanada, Noregur, Rússland og Svíþjóð.

Ráðið er fyrst og fremst vettvangur aðildarríkjanna og samtaka frumbyggja á svæðinu um samvinnu og stefnumörkun á sviði umhverfismála og sjálfbærar þróunar. Að auki eiga nokkur ríki, alþjóðasamtök og frjáls félagasamtök áheyrnaraðið að ráðinu.

Á vettvangi Norðurskautsráðsins er unnið mikið starf á sviði vöktunar á efnamengun á norðurskautsvæðinu, verndunar hafssins gegn mengun og lífríkisverndar. Einnig sinnir ráðið málefnum er lúta að lífsskilyrðum og lífskjörum fólks á norðurslóðum.

Ísland tók við formennsku í Norðurskautsráðinu haustið 2002 og gegnir henni til tveggja ára. Einn undirhópur ráðsins (PAME) fjallar um verndun hafssins gegn mengun. Skrifstofa vinnuhópsins er til húsa á Akureyri.

<http://www.arctic-council.org/>

## Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunin (OECD)

### Organization for Economic Cooperation and Development

Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunin hóf starfsemi sína árið 1961 og er arftaki stofnunar er vann að uppbryggingu Evrópu í kjölfar seinna stríðs og byggðist á Marshall-aðstoð Bandaríkjanna og Kanada. Stofnunin er í París, Frakklandi.

Meginmarkmið og tilgangur stofnunarinnar hefur lengst af verið að styðja við uppbryggini sterka hagkerfa aðildarríkjanna með því að leitast við að auka skilvirkni, skerpa á áherslum frjáls markaðskerfis, hvetja til aukinna frjálsra viðskipta meðal ríkja, auk þess að styðja við framþróun og framfarir, bæði í þróaðri ríkjum sem og þróunarríkjum. Aðildarriki stofnunarinnar eru alls 30 og eiga þau það öll sameiginlegt að aðhyllast og stunda lýðræðislega stjórnarhætti og frjáls markaðsviðskipti.

Stofnunin hefur stundað rannsóknir, ráðgjöf og úttektir á hagkerfum aðildarríkjanna og komið fram með tillögur og leiðsogn um það sem betur má fara í hagstjórn þeirra. Í kjölfar hnattvæðingar hefur hlutverk og umfang starfsemi stofnunarinnar aukist og hefur hún í auknum mæli beint spjótum sínum að athugunum og samstarfi við aðrar þjóðir en aðildarþjóðir, auk þess sem viðfangsefni stofnunarinnar ná til fleiri þáttu en efnahags- og hagstjórnar. Til að mynda hefur stofnunin lagt áherslu á vinnu og ráðgjöf til handa aðildarríkjunum í tengslum við stefnumótun og markmið sjálfbærar þróunar sem er í eðli sínu hnattrænt viðfangsefni þar sem samþætta þarf aðgerðir á vettvangi umhverfismála, efnahagsmála og félagslegra þáttu til þess að betur sé hægt að nálgast og skilja vandamál og ná árangri við að leysa úr þeim. Auk úttekta á árangri ríkja í hagstjórn eru úttektir á árangri og áherslum í umhverfismálum, þ.á m. þáttum er snerta málefni hafssins, orðnar stór þáttur í starfi stofnunarinnar.

<http://www.oecd.org/>

## Alþjóðaviðskiptastofnunin (WTO)

### The World Trade Organization

Alþjóðaviðskiptastofnunin hefur verið starfrækt frá árinu 1995 er henni var komið á laggirnar í kjölfar Úrúgvæ-viðræðnanna sem eiga uppruna sinn að rekja til GATT-samningsins frá 1947. Á þessum tíma hefur útflutningur ríkja aukist að jafnaði um 6% á ári og heildarviðskipti í heiminum fjórtánfaldast.

Meginmarkmið stofnunarinnar er að stuðla að því að viðskipti í heiminum verði frjálsari, sann-gjarnari og áreiðanlegri. Til að ná þessum markmiðum leggur Alþjóðaviðskiptastofnunin áherslu á að annast og vera vettvangur ríkja í samningum um alþjóðaviðskipti, stuðla að lausn deilna um viðskipti ríkja, fara yfir áherslur einstakra ríkja í alþjóðaviðskiptum, aðstoða þróunarríki með faglegri ráðgjöf og styrkjum til þátttöku í samstarfi annarra alþjóðlegra stofnana.

<http://www.wto.org/>

## **Alþjóðabankinn**

### **The World Bank (International Bank for Reconstruction and Development (IBRD)/International Development Association)**

Alþjóðabankinn er hluti af stofnum Sameinuðu þjóðanna og eru alls 184 ríki aðilar að honum og tryggja þau bankanum starfsgrundvöll. Bankinn er þróunarbanki sem veitir ódýr lán, styrki, ráðgjöf og tækn- og þekkingaraðstoð til fátækari ríkja þeim til stuðnings, eflingar og sjálfsþjálpars. Bankinn starfar og kemur að verkefnum í yfir 100 ríkjum um allan heim.

Meginmarkmið bankans er að berjast gegn fátækt og bæta lífsskilyrði fólks í þróunarríkjum. Miða áherslur hans og starf m.a. að því að ná markmiðum er aðildarríki Sameinuðu þjóðanna settu árið 2000 (Millennium Development Goals) sem ganga út á að uppræta fátækt í heiminum.

<http://www.worldbank.org/>

## **Þróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNDP)**

### **United Nations Development Programme**

Þróunarstofnunin starfar í rúmlega 160 ríkjum að margháttuðum verkefnum á sviði þróunarmála. Stofnunin lætur til sín taka, með margháttuðum hætti, við framkvæmd og skipulag lýðræðislegra þjóðfélagsumbóta, við baráttu gegn fátækt, við úrlausn deilumála og uppbyggingu í kjölfar stríðsátaka og náttúruhamfara, við úrbætur á sviði orku- og auðlindamála og á vettvangi heilbrigðis- og skólamála. Á vegum stofnunarinnar er gefin út árlega skýrsla um stöðu þróunarmála í heiminum (Human Development Report). Í skýrslunni er fjallað um mikilvægustu þætti þróunarmála á hverjum tíma með gagnrýnum hætti og lagðar fram tillögur um þau mál sem stofnunin telur að leggja eigi sérstaka áherslu á.

<http://www.undp.org/>

## **Alþjóðahafrannsóknastofnunin (ICES)**

### **International Council for the Exploration of the Sea**

Alþjóðahafrannsóknastofnunin er í fararbroddi hafrannsókna í Norður-Atlantshafi og aðliggjandi höfum. Hafrannsóknastofnunin er vettvangur um 1600 ví sindamanna frá 19 löndum er starfa við rannsóknir á Norður-Atlantshafi til að miðla upplýsingum og þekkingu sín á milli. Rannsóknir og þekking ví sindamanna er nýtt á skipulagðan hátt til að reyna að varpa ljósi og fylla upp í göt á þekkingu í hafrannsóknum, auk þess sem stofnunin nýtir þekkingu og rannsóknir við óhlutdræga og ópolítiska veiðiráðgjöf í Norður-Atlantshafi. Ráðgjöfina nýta aðildarríkin til fiskveiðiráðgjafar og til stuðnings eigin rannsóknum.

<http://www.ices.dk>

## **Norðaustur- Atlantshafssjávarsþendýraráðið (NAMMCO)**

### **North Atlantic Marine Mammal Commission**

Ráðið var stofnað árið 1992 og eru auk Íslands, Noregur, Grænland og Færeysjars aðilar að ráðinu. Líkt og á við um Alþjóðahvalveiðiráðið er NAMMCO ætlað að uppfylla ákvæði Hafréttarsamningsins er fjallar um samráð ríkja um hvalveiðar. Innan ráðsins starfar ví sindaneftnd þar sem saman koma ví sindamenn sem þekkingu hafa á hvalastofnum og sjávarlíffræði og gerir nefndin tillögur um veiðar.

<http://www.nammco.no/>

## **Alþjóðahvalveiðiráðið (IWC)**

### **International Whaling Commission**

Starfsemi og stofnun Alþjóðahvalveiðiráðsins byggist á ákvæðum Hafréttarsamningsins en ráðinu var komið á fót árið 1948 og er öllum fullvalda ríkjum heimil þátttaka í því. Ráðinu var ætlað að skapa vettvang fyrir þjóðir heims að starfa saman að verndun sjávarsþendýra, veiðistjórnun og rannsóknum á þeim.

Nokkuð hefur gengið á í starfi ráðsins og árangur ekki alltaf verið mikill. Ísland sagði sig úr ráðinu árið 1991 og var ástæða úrsagnarinnar sú að íslensk stjórnvöld töldu ráðið ekki starfa í þeim anda að það tryggði skynsamlega verndun og nýtingu hvalastofna. Árið 2001 tilkynntu íslensk stjórnvöld aðild sína með fyrirvara við samþykkt hvalveiðibanns ráðsins.

<http://www.iwcoffice.org/>

## **Atlantshafstúnfishkráðið (ICCAT)**

### **International Commission for the Conservation of Atlantic Tunas**

Atlantshafstúnfishkráðinu var komið á fót árið 1969. Ráðið hefur með verndun túnfisks, og skyldra fisktegunda í Atlantshafi og aðlægum höfum, að gera.

Túnfishkráðið hefur sérstöðu þegar kemur að visfrafæðilegum og líffræðilegum rannsóknum á túnfisktegundum og athugunum á áhrifum veiða á stofna í Atlantshafi. Ráðið tekur saman upplýsingar um veiðar og magn túnfisktegunda í meðafla.

<http://www.iccat.es/>

## **Alþjóðaáætlun um verndun og stjórnun veiða hákarla**

### **IPOA Sharks, International Plan of Action for the Conservation and Management of Sharks (FAO)**

Alþjóðaáætlunin var unnin og þróuð innan fiskimáladeilda FAO og er henni ætlað að tryggja og styrkja framgang tiltekinna markmiða sem fram eru sett í siðareglum FAO. Alþjóðaáætlun, sem er valfrijáls, fjallar um verndun og stjórnun veiða á hákörlum og tekur til þeirra ríkja sem stunda veiðar á hákörlum. Í áætluninni eru tilgreindar aðgerðir er ríkjum ber að framfylgja. Ná þær til mats á því hvort hákörlum á tilteknunum hafsvæðum stafi einhver sérstök ógn af athöfnum mannsins, gerðar landsáætlana um aðgerðir til verndunar og stjórnunar á nýtingu á hákörlum, auk lýsingar á starfsháttum við kannanir og mat á ástandi hákarlastofna.

<http://www.fao.org/docrep/006/x3170e/X3170E00.HTM>

## **Alþjóðaáætlun um stjórnun veiðigetu**

### **IPOA Capacity, The International Plan of Action for the Management of Fishing Capacity (FAO)**

Alþjóðaáætlunin var unnin og þróuð innan fiskimáladeilda FAO og er ætlað að tryggja og styrkja framgang tiltekinna markmiða sem fram eru sett í siðareglum FAO.

Í alþjóðaáætlun um stjórnun veiðigetu er fjallað um eðli og umfang áætlunarinnar, auk þeirra markmiða sem stefnt er að. Einnig er fjallað um þær mikilvægu aðgerðir er ríki þurfa að grípa til við að sporna gegn allt of mikilli veiðigetu. Meðal þeirra aðgerða sem ríki eru hyött til að grípa til er mat og eftirlit á veiðigetu og undirbúningur og framkvæmd landsáætlana. Í umfjöllun um leiðir og aðferðir við framkvæmd landsáætlana er fjallað um vísindalega og tæknilega samvinnu, alþjóðlega upplýsingagjöf og samstarf við FAO.

<http://www.fao.org/docrep/006/x3170e/X3170E00.HTM>

## **Alþjóðaáætlun um að koma í veg fyrir, hrinda og útrýma ólöglegum, óskráðum og stjórnlausum fiskveiðum**

### **IPOA-IUU, International Plan of Action to Prevent, Deter and Eliminate Illegal, Unreported and Unregulated Fishing (FAO)**

Alþjóðaáætlunin var unnin og þróuð innan fiskimáladeilda FAO, með sérstakri aðstoð sérfræðinefndar, og er ætlað að tryggja og styrkja framgang tiltekinna markmiða sem fram eru sett í siðareglum FAO. Alþjóðaáætlunin á við öll ríki sem stunda fiskveiðar. Í áætluninni er fjallað um eðli hennar og umfang. Áhersla er lögð á sameiginlega ábyrgð. Nær hún til ríkja, fána ríkja, aðgerða strand- og hafnarríkja sem og eftirfylgni samþykktar alþjóðlegra markaðsaðgerða sem ætlað er að sporna gegn ólöglegum veiðum. Einnig er lögð áhersla á mikilvægi rannsókna og svæðisbundna fiskveiðistjórnun. Fjallað er um sérstök skilyrði þróunarríkja, upplýsingagjöf og hlutverk FAO.

<http://www.fao.org/DOCREP/003/y1224e/y1224e00.HTM>

## **Alþjóðaáætlun um að draga úr tilfallandi veiðum á sjófuglum við línuveiðar**

### **IPOA Seabirds, The International Plan of Action for Reducing Incidental Catch of Seabirds in Longline Fisheries (FAO)**

Alþjóðaáætlunin var unnin og þróuð innan fiskimáladeilda FAO og er ætlað að tryggja og styrkja framgang tiltekinna markmiða sem fram eru sett í síðareglum FAO. Alþjóðaáætlun, sem er valfriðs, er ætlað að draga úr tilfallandi veiðum á sjófuglum við línuveiðar og tekur til þeirra ríkja sem stunda línuveiðar. Í áætluninni eru tilgreindar aðgerðir er ríkum ber að framfylgja. Ná þær til mats á því hvort línuveiðum á tilteknum hafsvæðum fylgi mikil veiði á sjófuglum, gerð landsáætlana um aðgerðir til að draga úr tilfallandi veiðum á sjófuglum við línuveiðar, auk lýsingar á starfsháttum við kannanir og mat á ástandi. Í áætluninni eru einnig tilgreindar aðferðir er miða að því að draga úr áhrifum línuveiða á sjófugla og ríki geta nýtt sér í landsáætlunum, auk þess sem vísað er til frekri gagna og upplýsinga.

<http://www.fao.org/docrep/006/x3170e/X3170E00.HTM>

## **Viðauki H. Sjálfbær þróun. Ríó og Jóhannesarborg**

### **Ríó-yfirlýsingin um umhverfi og þróun, Dagskrá 21, 17. kafli**

Ríó-yfirlýsingin var samþykkt á heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun árið 1992. Í yfirlýsingunni er stefnan mörkuð, markmið sett og nýmæli mótuð sem hafa sett, og munu áfram setja, mark sitt á löggjöf og framkvæmd ríkja í umhverfismálum. Yfirlýsingin sjálf er stutt og kjarnyrt skjal sem hefur að geyma 27 meginreglur í umhverfis- og þróunarmálum. Dagskrá 21 er viðtæk framkvæmdaáætlun í umhverfismálum sem þjónar í raun hlutverki handbókar ríkja um alþjóðasamvinnu og aðgerðir ríkja til að ná fram markmiðum sjálfbærrar þróunar.

Framkvæmdaáætlunin skiptist í fjóra meginhluta og 40 kafla. Meginhlutarnir fíjor eru; I. Efnahags- og félagslegir þættir, II. Umhverfis- og auðlindastjórnun, III. Hlutverk óopinberra hópa í sjálfbærri þróun, IV. Forsendur fyrir framkvæmd áætlunarinnar. Í öðrum hluta er, í 17. kafla, fjallað um að sambætta stjórnun og sjálfbæra þróun strandsvæða, verndun sjávar gegn mengun og verndun lifandi auðlinda sjávar, bæði innan auðlindalögsgötu þjóða og á alþjóðlegum hafsvæðum. Eru í kaflanum staðfest mikilvæg ákvæði Hafréttarsamningsins um verndun sjávar og auðlindar hans.

#### **Texta Ríó-yfirlýsingarinnar má finna á vefsíðinni:**

<http://www.un.org/documents/ga/conf151/aconf15126-1annex1.htm>

#### **Texta Dagskrár 21 má finna á vefsíðinni:**

<http://www.un.org/esa/sustdev/documents/agenda21/english/agenda21toc.htm>

## **Leiðtogafundur um sjálfbæra þróun, Jóhannesarborg**

### **Jóhannesarborgar-yfirlýsingin (The Johannesburg Declaration on Sustainable Development)**

#### **Famkvæmdaáætlun (The Johannesburg Plan of Implementation)**

Fundurinn var haldinn af því tilefni að tíu ár voru liðin frá Ríó-ráðstefnunni um umhverfi og þróun. Megintilgangur fundarins var að marka áherslur í umhverfis- og þróunarmálum á næstu árum. Á fundinum var annars vegar samþykkt framkvæmdaáætlun, sem var meginniðurstaða fundarins, og hins vegar pólitísk yfirlýsing (Jóhannesarborgar-yfirlýsingin).

Yfirlýsingin er stutt pólitísk yfirlýsing þar sem ríki heims ítreka skuldbindingu sína til að hrinda sjálfbærri þróun í framkvæmd og byggja upp heimssamfélag sem einkennist af mannúð, jöfnuði, umhyggju og virðingu fyrir mannlegri reisn.

Framkvæmdaáætlunin er allýtarlegt skjal sem skipt er í ellefu kafla. Helstu skuldbindingar sem felast í áætluninni varða heilbrigðismál, hreinlætis- og fráveitumál, orkumál og landbúnaðarmál. Auk þess er í áætluninni stefnt að því að stöðva skaða á líffræðilegri fjölbreytni fyrir 2010 og snúa við þróuninni varðandi eyðingu náttúruauðlinda. Byggja á upp fiskistofna, þannig að þeir skili hámarksfrakstri árið 2015. Grípa á til aðgerða gegn mengun hafsins frá landi í samræmi við Washington-áætlunina (GPA) fyrir 2004 auk þess sem hefja á reglulega úttekt á vegum Sameinuðu þjóðanna á ástandi heimshafanna. Sérstaklega er fjallað, í framkvæmdaáætluninni, um málefni hafsins í greinum 30–36.

#### **Texta Jóhannesarborgar-yfirlýsingarinnar má nálgast á vefsíðinni:**

[http://www.un.org/esa/sustdev/documents/WSSD\\_POI\\_PD/English/POI\\_PD.htm](http://www.un.org/esa/sustdev/documents/WSSD_POI_PD/English/POI_PD.htm)

#### **Texta framkvæmdaáætlunarinnar má nálgast á vefsíðinni:**

[http://www.un.org/esa/sustdev/documents/WSSD\\_POI\\_PD/English/POIChapter4.htm](http://www.un.org/esa/sustdev/documents/WSSD_POI_PD/English/POIChapter4.htm)

**Neðangreind ráðuneyti veita nánari upplýsingar um stefnu íslenskra stjórnvalda í málefnum hafssins:**

**Umhverfisráðuneytið**

Vonarstræti 4  
150 Reykjavík  
Sími 545 8600  
Fax 562 4566  
Netfang: postur@umh.stjr.is  
[www.umhverfisraduneyti.is](http://www.umhverfisraduneyti.is)

**Sjávarútvegsráðuneytið**

Skúlagata 4  
150 Reykjavík  
Sími 545 8300  
Fax 562 1853  
Netfang: postur@sjr.stjr.is  
[www.sjavarutvegsraduneyti.is](http://www.sjavarutvegsraduneyti.is)

**Utanríkisráðuneytið**

Rauðarárstíg 25  
150 Reykjavík  
Sími 545 9900  
Fax 562 2373, 562 2386  
Netfang: postur@utn.stjr.is  
[www.utanrikisraduneyti.is](http://www.utanrikisraduneyti.is)